FRÉTTABLAÐIÐ

42. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 19. FEBRÚAR 2016

Föstudagsviðtalið

Helgi ætlar í formanninn

Helgi Hjörvar boðar róttækar breytingar í Samfylkingunni. Hann segir að flokkurinn þurfi að ýta á „restart“. Sterklega komi til greina að breyta nafni flokksins og sameinast Bjartri framtíð, VG og Pírötum í kosningabandalagi eða breiðfylkingu. Óformlegar viðræður hafi átt sér stað. Hann segir kreppu Samfylkingarinnar djúpa. Sjónarsviptir sé að Katrínu Júlíusdóttur úr stjórnmálum.

SÍÐA 10

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Bergur Ebbi skrifar um besserwissera. 14-15

SPORT Sér ekki eftir því að vera áfram í Bandaríkjunum. 16

MENNING Verksmiðjan á Hjalteyri hlaut í gær Eyrarrósina fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. 24-26

LÍFIÐ Frikki Dór og Sverrir Bergmann með Þjóðhátíðarlagið. 32-34

PLÚS 1 SÉRBLÖÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Eftirlitsstofnun EFTA skoðar mjólkurgeirann

SAMKEPPNI Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) er með til skoðunar hvort undanþágur aðila í íslenskum mjólkuriðnaði frá samkeppnislögum standist evrópska samkeppnislöggjöf. ESA sendi fyrr á þessu ári spurningar til íslenskra stjórnvalda hvers vegna búvörulögin veiti mjólkuriðnaði undanþágur frá samkeppnislögum.

Verði niðurstaða ESA sú að undanþága búvörulaga standist ekki samkeppnisreglur EES-samningsins geti Samkeppniseftirlitið og ESA beitt sér á mjólkurmarkaði, t.d. með sektum, þrátt fyrir óbreytt ákvæði búvörulaga, að sögn Gjermunds Mathiesen, yfirmanns samkeppnismála hjá ESA.

„Fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu sem selur mjólkurafurðir má ekki misnota markaðsráðandi stöðu sína því það brýtur í bága við 54. grein EES-samningsins,“ segir Mathiesen.

Mathiesen segir ekki allar mjólkurafurðir heyra undir samkeppnisreglurnar, heldur séu það í meginatriðum rjómi, jógúrt og gerjaðar mjólkurafurðir. Meðal mjólkurvara sem teljast gerjaðar eru skyr og súrmjólk.

Mathiesen segir málið skammt á veg komið og að enn sé verið að afla upplýsinga. Íslensk stjórnvöld höfðu frest til 15. febrúar til að svara spurningum ESA en ekkert svar hefur enn borist.

„Samkeppniseftirlitið hefur um langa hríð bent á skaðsemi þessarar undanþágu í búvörulögunum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

– ih / sjá síðu 6

KONUDAGS - TILBOÐ Á BORGINNI

4 RÉTTA KVÖLDVERÐUR 8.900 KR.

+ 2 GLÖS AF VÍNI, 10.900 KR.

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA HELGINA

DJASS Á SUNNUDÖGUM YFIR BRÖNS OG KVÖLDVERÐ

BORG RESTAURANT
PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
S: 578 2020
BORGRESTAURANT.IS

Veður



Skil ganga norður yfir land í dag og viðbúið að snjóa muni eða rigna í öllum landshlutum. Það mun birta til á sunnanverðu landinu um hádegi með éljum. Hiti verður víðast hvar yfir frostmarki á láglendi yfir daginn, en vægt frost að öðru leyti. SJÁ SÍÐU 20

Ekki viðbót í loðnu

SJÁVARÚTVEGUR Fyrri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um útgefinn loðnukvóta stendur. Útgefinn kvóti verður því 177 þúsund tonn þar sem 100 þúsund tonn koma í hlut íslenskra skipa. Þetta lá fyrir í gær eftir að Hafrannsóknastofnun hafði gert viðbótarmælingar á loðnustofninum.

Vetrarmæling á loðnustofninum fór fram á rannsóknaskipunum Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni dagana 1.-17. febrúar með það að markmiði að endurmeta stærð veiðistofns loðnu. Áður hafði verið farið á Árna Friðrikssyni til vetrarmælinga dagana 3.-21. janúar. Haldið var aftur til mælinganna með aðkomu hagsmunaaðila sem þátt tóku í fjármögnun leiðangursins.

Um 500 þúsund tonn af kynþroska loðnu mældust, sem er nokkru minna en mældist í janúar þegar um 675 þúsund tonn mældust, jafnvel þó tekið sé tillit til veiða og afráns. – **shá**

Styrkja vísindi norðurslóða

VÍSINDI Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum á þriðjudag, að tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, að veita fé til reksturs Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar til næstu fimm ára. Samþykkt var að veita 35 milljónir króna til verkefnisins árlega, sem jafngildir 175 milljónum króna fyrir allt tímabilið (2017-2021). Gert er ráð fyrir að skrifstofan verði á Akureyri.

Markmið Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar – IASC (International Arctic Science Committee) er að stuðla að samstarfi um rannsóknir á norðurslóðum og að veita ráðgjöf til stjórnvalda um málefni þeirra. Stofnunin leiðir saman opinberar rannsóknarstofnanir og -samtök frá 23 löndum.

Á Akureyri eru þegar til staðar nokkrar stofnanir um málefni norðurslóða. - **shá**

Ferðamenn í hættu staddir

BJÖRGUN Björgunarsveit Hornafjarðar var kölluð út að Jökulsárlóni upp úr klukkan fjögur í gær þar sem á milli fjörutíu og fimmtíu ferðamenn voru komnir langt út á ísjaka.

Ferðamennirnir ætluðu að skoða seli og fóru strax í land þegar þeim var bent á hve hættulegt það gæti verið að halda sig úti á ísnum.

„Þetta voru erlendir ferðamenn sem voru að rölta út á lónið sem er ísilagt að hluta. Þeir voru að reyna að komast að um þrjátíu selum sem voru þarna," segir Friðrik Jónas Friðriksson, formaður svæðisstjórnar björgunarsveitarinnar.

Jónas segist skilja hegðun túristanna. „Það er heiðskírt, stafalogn og sól. Það er dásamlegt að vera hérna." Hann segir engar merkingar vera á svæðinu sem bendi til að það geti reynst hættulegt að fara út á ísinn. – **jhh**

Steypa lögð í nýjan spítala

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra var við stjórnvölinn þegar framkvæmdir hófust við byggingu nýs sjúkrahótels Landspítalans í gær. „Þetta var fyrsta skrefið í heildaruppbyggingu við Landspítala Hringbraut," sagði Magnús Heimisson, samskiptastjóri Nýja Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fær ekki Kjarval en má nota sitt nafn á jörðina

Eigandi jarðarinnar Hleinargarðs II má nefna hana í höfuðið á sjálfum sér en fékk ekki leyfi fyrir nafninu Kjarvalsstaðir. Bæjarfulltrúi segir sveitarfélagið þurfa að setja viðmiðunarreglur. Almenn smekkvísi þurfi meðal annars að ráða.

SVEITARSTJÓRNIR Breyta má nafni jarðarinnar Hleinargarðs II á Héraði og nefna í höfuðið á nýjum eiganda. Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þetta á miðvikudag.

„Ég óskaði nú reyndar fyrst eftir því að breyta nafninu í Kjarvalsstaði en því var synjað svo ég sneri mér þá einfaldlega að næsta stórmenni," segir Davíð Þór Sigurðarson og hlær.

Davíð eignaðist Hleinargarð II í nóvember 2013. Er það sá hluti jarðarinnar sem er óbyggður. Hinn hlutinn mun áfram bera nafnið Hleinargarður en jörð Davíðs nafn hans sjálfs og heita Davíðsstaðir. Þar segist hann hafa hug á að byggja upp skógrækt og ættaróðal fyrir börn sín að erfa í fyllingu tímans.

Sex bæjarfulltrúar greiddu því atkvæði en þrír sátu hjá þegar bæjarstjórnin samþykkti nafnbreytinguna. Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, benti á í bókun að málið væri það þriðja sinnar tegundar eftir nýlega lagabreytingu sem gerir það að hlutverki sveitarstjórna að ákveða um nafngiftir á jörðum. Áður hafi einni beiðni verið synjað en önnur samþykkt.

„Ég mun greiða atkvæði með því að samþykkja fyrirliggjandi beiðni, en legg hins vegar áherslu á að ástæða sé til þess að bæjarstjórn móti sér einhverjar viðmiðunarreglur um hvernig fara á með mál af þessu tagi," bókaði Stefán Bogi. „Það er mín skoðun að miða ætti við að samþykkja beiðnir um nafnabreytingu og nýjar nafngiftir nema að eitthvað sérstakt mæli gegn því." Stefán Bogi nefnir dæmi um þrjú atriði sem hann telji geta mælt gegn því að samþykkja nafnbreytingu á jörð. Í fyrsta lagi að nafnið sé of líkt eða tengist óeðlilega nafngift annars staðar innan sveitarfélagsins. Í öðru lagi að með breytingunni hverfi gamalt og gróið nafn á viðkomandi jörð. Og að lokum að nafnið „brjóti verulega gegn almennri smekkvísi", eins og hann orðar það.

Verðandi Davíðsstaðir eru 364 hektara jörð. MYND/DAVÍÐ ÞÓR SIGURÐARSON.

> **Slíkt hefur tæplega tíðkast hér á landi um að minnsta kosti nokkur hundruð ára skeið.**

Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi í Fljótsdalshéraði

„Ekkert af framangreindu á við í þessu máli, þótt deila megi um þá aðferð að nefna jörð í höfuðið á eiganda hennar, en slíkt hefur tæplega tíðkast hér á landi um að minnsta kosti nokkur hundruð ára skeið," bendir bæjarfulltrúinn á.

Davíð Þór segist vonsvikinn að hafa ekki fengið að nefna jörðina Kjarvalsstaði. Það hafi hann viljað gera í virðingarskyni við Jóhannes Kjarval sem málaði mikið þar á svæðinu. Nálægur sé einmitt Kjarvalshvammur, reyndar í landi Ketilsstaða, sem kenndur er við listamanninn er dvaldist þar í litlum kofa.

„Þeir staðir á landinu sem tengdir eru nafni Kjarvals hafa beina skírskotun til listamannsins," sagði bæjarstjórnin í fyrra þegar hún hafnaði beiðni Davíðs Þórs um Kjarvalsstaðanafnið.

„Ég skil eiginlega ekki hvers vegna Kjarvalsstaðir voru ekki samþykktir fyrst bæjarstjórnin leyfir Davíðsstaði," segir eigandi Hleinargarðs II – bráðum Davíðsstaða.

gar@frettabladid.is

BMW X3 ER TILBÚINN Í NÆSTU ÁSKORUN.

REYNSLUAKTU NÝJUM BMW X3 Í DAG.

Á meðan þú leitar að skemmtilegri upplifun, leitar BMW að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið í BMW X3. Nýr X3 xDrive20d með 190 hestafla dísilvél og Steptronic 8 þrepa sjálfskiptingu notar einungis 5,0 l/100 km* í blönduðum akstri.

BMW X3 xDrive20d. Verð frá 7.290.000 kr. Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjár í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Ráðist verður í harðar aðgerðir gegn ráðningu sjálfboðaliða

ATVINNULÍF „Það hefur mikið verið hringt í dag. Fólk vill hafa þessa hluti í lagi hjá sér og er að biðja um leiðbeiningar til að gera hlutina rétt," segir Björn Snæbjörnsson formaður Einingar-Iðju á Akureyri.

Stéttarfélagið ætlar að grípa til aðgerða vegna ólaunaðs starfsfólks í fyrirtækjum í byggðarlaginu. Í gær sagði Fréttablaðið frá því að tugir fyrirtækja, mörg í ferðaþjónustu auglýsi eftir sjálfboðaliðum til starfa á erlendu síðunni workaway.info og birti skjáskot af auglýsingu gistiheimilis á Akureyri. Auglýsingunni hefur nú verið kippt út af síðunni.

„Þótt fyrirtæki kippi auglýsingum núna út af síðunni þá erum við búin að vera að kortleggja hvaða fyrirtæki þetta eru og við munum fara í eftirlitsferðir og kanna málin. Við höfum skráð hjá okkur þau fyrirtæki sem voru með auglýsingu á síðunni á okkar svæði."

Björn segist halda að fólk sé ekki meðvitað um hvenær það er í lagi að fá til sín sjálfboðaliða og hvenær ekki. Mörkin séu þó skýr. Fyrirtæki í ágóðarekstri geti ekki ráðið til sín sjálfboðaliða.

> **Þótt fyrirtæki kippi auglýsingum núna út af síðunni þá erum við búin að vera að kortleggja hvaða fyrirtæki þetta eru.**
>
> Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar Iðju

„Einhvern veginn held ég að menn blandi þessu öllu saman og pæli ekkert í því hvernig þetta er gert. Við munum fjölga eftirlitsferðum okkar vegna þessa," segir Björn.

Fleiri stéttarfélög víða um land ætla í átak gegn brotum sem felast í ólaunaðri vinnu í efnahagslegri starfsemi.

Jafnframt hefur Alþýðusamband Íslands kallað eftir samstarfi við stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins um að uppræta slíka brotastarfsemi.

Þá hefur Alþýðusambandið óskað eftir ákvarðandi bréfi frá ríkisskattstjóra um þetta efni því ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi þýði að atvinnurekendur sem nota hana hagnist á kostnað samneyslunnar.

„Ég staðfesti að ASÍ hefur óskað eftir sjónarmiðum ríkisskattstjóra varðandi mál sem hafa verið að koma upp í vaxandi mæli síðustu ár. Þetta mál er til athugunar hjá embættinu," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Skúli Eggert segir eftirlitsmenn ríkisskattstjóra og eftirlitsmenn ASÍ hafa verið í samstarfi um nokkurt skeið vegna skattsvika þar sem þessi mál hafi komið til tals. **– kbg**

Vilja peninga frá bankamönnum

DÓMSMÁL Samtök sparifjáreigenda hafa stefnt forsvarsmönnum Kaupþings fyrir dómstóla vegna markaðsmisnotkunar. Krafist er ríflega 900 milljóna króna auk vaxta.

Hinir stefndu eru sakaðir um að hafa valdið hluthöfum bankans fjártjóni með blekkingum. Það er Bolli Héðinsson, stjórnarformaður Samtaka sparifjáreigenda, sem stefnir, en stefnan var birt þeim Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ólafi Ólafssyni og Magnúsi Guðmundssyni á Kvíabryggju. Þeir afplána dóma þar vegna al-Thani-málsins.

Að auki hefur Ingólfi Helgasyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings á Íslandi, verið stefnt. Hann var dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi í héraði fyrir markaðsmisnotkun.

Byggt er á því í stefnunni að fimmmenningarnir hafi vanrækt trúnaðar- og eftirlitsskyldu sína með saknæmum og ólögmætum hætti. **– jhh**

Leita óþekkts árásarmanns

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar karlmanns sem grunaður er um að hafa ráðist á konu á heimili hennar á mánudag og beitt hana kynferðisofbeldi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bankaði maðurinn upp á á heimili konunnar við Móabarð í Hafnarfirði um klukkan átta og sagðist vera kominn til að lesa af mælunum. Konan hleypti manninum inn og þá réðst hann á hana og beitti ofbeldi. Maðurinn stökk á flótta þegar barn konunnar bærði á sér í öðru herbergi.

Eins og áður sagði er maðurinn ófundinn en lögreglunni er ókunnugt um hver var þar á ferli. Honum er lýst sem fölum manni á milli 35 og 45 ára. Hann er talinn vera um 180 cm á hæð og var dökkklæddur með húfu og hanska á verknaðarstundu. **– snæ**

ISAL kannar lögmæti aðgerða

Boðaður hefur verið fundur í kjaradeilu starfsmanna ISAL og álversins næsta miðvikudag. Sama dag hefst útflutningsbann á áli úr Straumsvík. Aðgerðir sem koma á óvart, segir talsmaður álversins.

KJARAMÁL Boðað útflutningsbann á áli frá Straumsvík er grafalvarlegt nái það fram að ganga, segir Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi ISAL, álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Aðgerðir sem þessar séu aldrei gott innlegg í viðræður.

„Það kemur okkur á óvart með hvaða hætti þetta er boðað, að menn ætli sér að velja einhver tiltekin verk sem þeir ætli ekki að sinna," segir Ólafur Teitur. Hann segist ekki viss um að hér hafi verið hliðstæðar aðgerðir áður og að yfir standi af hálfu álversins athugun á því hvort aðgerðirnar standist. Deilan er í miklum hnút og Ólafur Teitur segir álitamál hvort boða hefði átt fund áður en kæmi að boðuðum aðgerðum.

„Þetta er líka spurning um hvort menn hafi um eitthvað að tala. Ég hef ekki heyrt að viðsemjendur okkar telji koma til álita að fallast á eðlilegar kröfur ISAL um að njóta sama umhverfis og öll önnur fyrirtæki á Íslandi," segir hann. Varðandi yfirlýsingu forstjóra Rio Tinto á heimsvísu um launahækkanafrystingu í ár segir Ólafur Teitur ISAL enn vinna að því með Rio Tinto hvað sé hægt að bjóða.

„En það er ljóst að verkalýðsfélögin misstu af mjög góðu tækifæri á þrettándanum þegar þau höfnuðu mjög miklum launahækkunum." Hann hefur áður sagt að tilboð fyrirtækisins hafi meðal annars falið í sér um 24% launahækkun út árið 2019, viðbótarhækkanir í samræmi við SALEK-endurskoðunina, nýja bónusa og eingreiðslu vegna ársins 2015.

Þá hafi enginn ágreiningur verið um launaliðinn, en félögin staðið föst á móti kröfu ISAL um heimildir til verktöku, sem önnur fyrirtæki njóti. **olikr@frettabladid.is**

Boðaðar verkfallsaðgerðir Hlífar um miðja næstu viku ná til ellefu starfsmanna sem starfa við uppskipun í álverinu í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það kemur okkur á óvart með hvaða hætti þetta er boðað, að menn ætli sér að velja einhver tiltekin verk sem þeir ætli ekki að sinna**
>
> Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi ÍSAL

Allir verði með

„Verkfallið hefur kannski ekki mikil áhrif strax til að byrja með, því það er bara útflutningurinn sem stoppar," segir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, sem sæti á í samninganefnd starfsmanna í viðræðunum við ISAL og Samtök atvinnulífsins (SA). Um leið segir hann ljóst að stéttarfélög starfsmanna, iðnaðarsamfélagið, og stéttarfélög innan Alþýðusambandsins muni ekki líða að stök fyrirtæki geti sagt sig frá öguðu vinnumarkaðsmódeli sem hér sé verið að koma á. „Annaðhvort eru allir inni í þessu eða ekki." SA þurfi að gera Rio Tinto Alcan grein fyrir þeirri stöðu sem hér sé uppi. „Ef SA fer ekki að fá umboð frá Rio Tinto þá þurfa þeir bara að henda ISAL út úr samtökunum."

Vegna flutninga **Ynju undirfataverslunar** í verslunarmiðstöðina Glæsibæ ætlum við að gera okkur glaðan dag í búðinni **næstkomandi laugardag, 20. febrúar!**

Glæsileg opnunartilboð og léttar veitingar.

Verið hjartanlega velkomin til okkar!

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Glæsibær • 544 4088 • ynja.is

Tyrkir kenna Kúrdum um árásina

TYRKLAND „Það hefur komið í ljós að meðlimur YPG, sem kom frá Sýrlandi með öðrum meðlimum þessara hryðjuverkasamtaka, stóð að árásinni," sagði forsætisráðherra Tyrklands, Ahmet Davutoglu, í gær um bílsprengju sem felldi 28 í höfuðborg Tyrklands, Ankara, á miðvikudag.

YPG er herskár armur verkamannaflokks Kúrda í Sýrlandi (PYD) og að sögn Tyrkja nátengdur hinum útlæga verkamannaflokki Kúrda í Tyrklandi (PKK).

Tyrkir svöruðu árásunum á Ankara í gær með loftárásum á búðir PKK í norðurhluta Íraks.

Einn leiðtoga PKK, Cemil Bayik, sagði hins vegar í gær að PKK hefði ekki hugmynd um hver hefði staðið á bak við árásina.

„Við vitum að það er fólk sem hefur framið slíkar árásir áður til að hefna fyrir fjöldamorðin í Kúrdistan," sagði Bayik í viðtali við fjölmiðil PKK, Firat.

Frá árásinni í Ankara. NORDICPHOTOS/AFP

> **YPG er herskár armur verkamannaflokks Kúrda í Sýrlandi og er sagður nátengdur PKK**

Þá varð önnur árás í Tyrklandi í gær. Sex manns féllu og einn særðist alvarlega í sprengjuárás sem gerð var á lest herbíla í Diyarbakir í suðaustur hluta landsins. **– þea**

Polo. Gerir gæðamuninn.

VW Polo Trend & Style:

2.690.000 kr.

Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.

Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Noregur á að fylgja evrópskum verkferlum

NOREGUR Einhliða bann Noregs á notkun gerviefnisins PFOA gæti, að mati ESA, eftirlitsstofnunar ESA, grafið undan alþjóðlegu samstarfi um að koma í veg fyrir notkun efna sem skaðleg eru umhverfinu.

Í tilkynningu ESA segir að Noregur verði að fylgja verkferlum, sem samþykktir hafi verið á vettvangi Evrópulanda, til að eiga við hættuleg efni. ESA hafi því ákveðið að stefna Noregi fyrir EFTA-dómstólinn vegna málsins.

„Sameiginlegt regluverk, sem hefur að baki sér öll 31 ríki EES, hefur meiri áhrif á heilbrigði og umhverfi en fyrirkomulag einstakra þjóða. Til þess að ná strangari stjórn á hættulegum efnum verður Noregur að fylgja vinnuferlum sem sagt er fyrir um í Samningnum um evrópska efnahagssvæðið," er haft eftir Sven Erik Svedman, forseta ESA.

Reglugerð sem kennd er við REACH er sögð miða að því að tryggja mikla vörn gegn hættulegum efnum, bæði fyrir einstaklinga og umhverfi. Þyki hætta af einhverju efni fyrir heilsu fólks eða umhverfi óásættanleg verði að fylgja ferlum reglugerðarinnar til að hamla notkun þess. Túlkun ESA á REACH-reglugerðinni sé að Noregur megi ekki einhliða banna notkun á PFOA.

„Vísun málsins til EFTA-dómstólsins er síðasta skrefið í samningsbrotaferli gegn EFTA-ríki," segir í tilkynningu ESA. **– óká**

» Noregur verður að fylgja verkferlum, sem samþykktir hafi verið á vettvangi Evrópulanda, til að eiga við hættuleg efni.

» Reglugerð sem kennd er við REACH er sögð miða að því að tryggja mikla vörn gegn hættulegum efnum, bæði fyrir einstaklinga og umhverfi.

Fjöllistamenn í Nýju-Delí

Kínverskur fjöllistamaður tekur þátt í sýningu í Nýju-Delí á Indlandi. Atburðurinn var skipulagður af sendiráði Kína á Indlandi til að minna á kínversk-indverska ferðamannaárið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samkeppniseftirlitið boðar hærri sektir

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins býst við að sektir eftirlitsins muni hækka á næstu árum. Sektir hefðu ekki komið í veg fyrir ítrekuð brot og væru lægri en víða í Evrópu. ESA gæti orðið meira áberandi hér á landi á næstu árum.

SAMKEPPNI Búast má við því að sektir Samkeppniseftirlitsins hækki á næstu árum að sögn Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins. Páll sagði á fundi eftirlitsins í gær, að það yrði að líkindum niðurstaða aukinnar samræmingar eftirlitstækja samkeppniseftirlitsstofnana í Evrópu.

„Eitt af því sem menn eru að draga lærdóm af úr fortíðinni í Evrópu er að sektir hafa ekki verið að hafa þau varnaðaráhrif í öllum tilfellum, í öllum ríkjum í Evrópu sem æskilegt hefði verið. Þannig að þróunin er í þá átt. Það má alveg gera ráð fyrir því að sú þróun sem verið hefur í Evrópu hækki sektir hér á landi líka," sagði Páll.

Forstjórinn benti á að af um sextíu sektum sem Samkeppniseftirlitið hefði lagt á fyrirtæki hefðu sex fyrirtæki verið sektuð oftar en einu sinni og eitt fyrirtæki (Síminn) hefði verið sektað sex sinnum. Það bendi til þess að sektirnar hafi ekki þann fælingarmátt sem ætlast hafi verið til, að minnsta kosti ekki í þeim málum. Þá hefðu sektir Samkeppniseftirlitsins almennt verið fremur lágar miðað við þau viðmið sem ESA notar við álagningu sekta.

Eitt af því sem menn eru að draga lærdóm af úr fortíðinni í Evrópu er að sektir hafa ekki verið að hafa þau varnaðaráhrif í öllum tilfellum, í öllum ríkjum í Evrópu sem æskilegt hefði verið.

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri

Þá sagði Páll að á næstu árum mætti búast við því að Samkeppniseftirlitið myndi stefna að auknu gegnsæi varðandi álagningu sekta líkt og tíðkast hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Reglurnar mættu hins vegar ekki vera þannig að fyrirtæki gætu reiknað út fyrir fram hvort brot á samkeppnislögum borgi sig.

Gjermund Mathiesen, yfirmaður samkeppnismála hjá ESA, sagði í erindi sínu á fundinum að búast mætti við að meira myndi bera á hlutverki ESA við rannsókn samkeppnismála hér á landi á næstu árum.

ESA hefði þegar rannsakað nokkur mál sem sneru að íslenskum fyrirtækjum án þess að það hefði skilað niðurstöðu. Ósennilegt væri að ekkert þessara mála myndi skila niðurstöðu á næstu árum eða áratugum. **ingvar@frettabladid.is**

Kúplaðu þig út úr hversdagsleikanum

Árleg jeppasýning Toyota Kauptúni er nú haldin í samstarfi við Ellingsen. Við sýnum Land Cruiser, Hilux og RAV4 í fjölmörgum útfærslum. Líka fjórhjól, sexhjól, BUGGY bíla, kajaka, veiðistangir, reiðhjól, útivistarfatnað og allt sem þú þarft til að kúpla þig út úr hversdagsleikanum. Einnig Brenderup sleða- og tækjakerrur og Klettur sýnir réttu dekkin undir bílana og tækin. Breyttir jeppar verða á útisvæði og í sýningarsal.

Komdu með okkur í fjörið á morgun, laugardag, frá kl. 12 - 16 í Kauptúni.

20% afsláttur af aukahlutum á sýningunni!

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ, sími: 570-5070

Ellingsen

Brenderup

KLETTUR

can-am ski-doo

SCOTT

Svartárvirkjun skal í umhverfismat

Skipulagsstofnun telur til fjölmörg rök fyrir því að virkjun Svartár í Bárðardal skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Mikil óvissa um áhrif á lífríkið. Óljóst þykir með öllu hvernig stangveiði muni reiða af í ánni. Svæðið þykir einstakt enda óspillt að heitið getur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Skipulagsstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að 9,8 megavatta virkjun í Svartá í Bárðardal kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun birti ákvörðun sína um matskyldu í gær, og til-tekur fjölmargt sem niðurstaða stofnunarinnar byggist á. Stærð og umfang framkvæmdarinnar, sem og staðsetning – eða vegna þess hversu viðkvæmt svæðið er með tilliti til verndarsvæða, ábyrgðartegunda og tegunda á válista, og svæða innan 100 metra fjarlægðar frá fornminjum sem njóta verndar. Eins með tilliti til álagsþols náttúrunnar; vatnsfalla, landslagsheilda og kjörlendis dýra. Að síðustu vegna óafturkræfra áhrifa á svæðið.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa fyrirætlanir SSB orku ehf., um virkjun Svartár í Bárðardal mætt harðri gagnrýni og tortryggni frá náttúruunnendum. Bent hefur verið á að með því að virkja Svartá sé náttúruperlu spillt sem á enga hliðstæðu hér á landi – en áformin hafi fengið hverfandi athygli þótt full ástæða sé til hins gagnstæða. Um sannkallaða hálendisvin sé að ræða sem muni bíða óafturkræft og óbætanlegt tjón af fyrirhuguðum framkvæmdum, enda verði Svartá tekin að mestu leyti úr farvegi sínum á rúmlega þriggja kílómetra kafla, nánast þurrkuð upp.

> **Ekki liggur fyrir hvernig straumönd eða urriða muni reiða af þegar rennsli verður eingöngu um 5-10% af því náttúrulega rennsli sem fyrir er. […] Af þeirri óvissu leiðir jafnframt að óljóst er hvernig veiði mun reiða af í ánni**
>
> Skipulagsstofnun

Ljóst er að mestu áhrif virkjunar Svartár samkvæmt áætlunum SSB orku eru á lífríki árinnar, en í Svartá er ráðandi stofn urriði en þar fyrirfinnst jafnframt lax og bleikja. Meðalveiði síðustu ára er talin rúmlega 1.100 urriðar. Sérstaklega er fjallað um þessa hagsmuni í úrskurði Skipulagsstofnunar með vísan í umsögn Fiskistofu um framkvæmdina. „Ekki liggur fyrir hvernig straumönd eða urriða muni reiða af þegar rennsli verður eingöngu um 5-10% af því náttúrulega rennsli sem fyrir er. […] Af þeirri óvissu leiðir jafnframt að óljóst er hvernig veiði mun reiða af í ánni," segir í úrskurðinum og jafnframt að þess vegna þurfi að koma fram nánari greining og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á vatnalíf og um leið á útivist og veiði og á þeim mótvægisaðgerðum sem lagðar eru til.

Svartá á upptök sín í Svartárvatni, í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli, og rennur um 16 kílómetra leið þar til hún fellur í Skjálfandafljót. MYND/JAÞ

Fiskistofa er reyndar enn afdráttarlausari, og mótmælir því mati gagna sem SSB orka hefur lagt fram að umhverfisáhrif Svartárvirkjunar útheimti ekki mat á umhverfisáhrifum. Tekur það reyndar fram sérstaklega að lindár, eins og Svartá, eru sjaldgæfar á heimsvísu. „Ef virkjun verður gerð í Svartá eins og áform eru um mun hún spilla fágætum búsvæðum lífvera á heimsvísu, skerða búsvæði fiska og þar með skerða möguleika á því að nýta veiðihlunnindi á svæðinu," segir í umsögn Fiskistofu þar sem jafnframt er minnt á að framkvæmdin eins og hún er hugsuð er háð leyfi Fiskistofu eins og kemur fram í lögum um lax- og silungsveiði.

Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun töldu að Svartárvirkjun skuli háð umhverfismati. Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit og Orkustofnun tóku ekki afstöðu til matsskyldu. Minjastofnun Íslands taldi ekki ástæðu til umhverfismats.

Svartá þveruð með 60 metra stíflu

- Um er að ræða allt að 9,8 MW virkjun í Svartá í Bárðardal.
- Reist verður 60 metra löng stífla í Svartá nokkru ofan við ármót Svartár og Grjótár.
- Ofan við stífluna verður inntakslón allt að einn hektari að flatarmáli.
- Frá lóninu verður lögð 3,1 kílómetra löng aðrennslispípa sem verður þrír metrar í þvermál.
- Á hæð skammt ofan við stöðvarhús verður reist jöfnunarþró, 220 fermetrar að grunnfleti og 16 metrar á hæð.
- Stöðvarhús, 450 fermetrar, verður reist við Svartá um tvo kílómetra ofan við ármót Svartár og Skjálfandafljóts.
- Frá virkjuninni verður lagður um 46 kílómetra langur jarðstrengur að tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

3,1

kílómetra löng aðrennslispípa verður lögð frá lóninu

AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

Aðalfundur Fjarskipta hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2016 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2015.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2016.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
    a) Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár, sem breyta 4. gr. samþykktanna.
    b) Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður nýr viðauki við samþykktirnar.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 3. mars 2016.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Unnt er að koma framboðum á framfæri við sérstaka tilnefningarnefnd, sem starfar á grundvelli leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins. Skal senda framboðstilkynningu á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is eigi síðar en þremur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en samhliða endanlegu fundarboði tveimur vikum fyrir aðalfund. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 12. mars 2016. Framboð sem berast skemur en þremur vikum fyrir fund skulu því berast á netfangið: stjorn2016@vodafone.is

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum nú tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 12. mars 2016 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd2016@vodafone.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Vodafone
Við tengjum þig

ATVINNUBÍLASÝNING
LAUGARDAG 20. FEBRÚAR KL. 12:00 – 16:00

Opel Movano
2,3 CDTi dísel notar aðeins 7,1l/100 km miðað við blandaðan akstur.
Verð frá: **3.991.000 kr.** án vsk.

Opel Vivaro
1,6 dísel ECOFLEX notar aðeins 6,5l/100 km miðað við blandaðan akstur.
Verð frá: **3.379.000 kr.** án vsk.

Opel Combo
1,3 CDTi dísel notar aðeins 5,1l/100 km miðað við blandaðan akstur.
Verð frá: **2.734.000 kr.** án vsk.

OPEL **ATVINNUBÍLAR**

ATVINNUBÍLASÝNING Á MORGUN.

Komdu í Opel salinn, fáðu þér hressingu og reynsluaktu Vivaro, Movano eða Combo.

Opel atvinnubílar eru hagkvæmir í rekstri og fást í fjölmörgum útfærslum sem hæfa þínum þörfum. Þeir eru þægilegir og fara vel með bílstjórann og vörurnar. Opel vinnuþjarkarnir geta ekki beðið eftir að komast í vinnuna!

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

OPEL

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Flokkurinn þarf að endurhugsa allt

Þingflokksformaður Samfylkingarinnar, Helgi Hjörvar, segir flokk sem hefur misst tvo þriðju fylgis síns þurfa að vera opinn fyrir öllum hugmyndum. Hann ætlar að bjóða sig fram sem formann á landsfundi. Hann ræðir pólitíkina, augnsjúkdóminn og ballettferilinn.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

„Við þurfum að gera breytingar í Samfylkingunni. Ég hef ákveðið að nota þetta tækifæri og gefa kost á mér í formannsframboð," segir Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. Á dögunum var samþykkt að flýta landsfundi flokksins og verður kosið um nýjan formann. „Og ég hvet alla sem telja sig hafa erindi að gera slíkt hið sama."

Fylgi Samfylkingarinnar hefur hríðlækkað og mælist nú samkvæmt skoðanakönnunum í kringum tíu prósent. Ljóst er að vandi flokksins er mikill. „Það eru náttúrulega engar fréttir að Samfylkingin sé í slæmri stöðu, það hefur verið lítið talað um annað. Það eru að opnast tækifæri núna. Flokksmenn eru að fara fram á landsfund í vor og formannskosningar. Þá gefst tækifæri til að endurskoða stefnu okkar og starfshætti. Ég er nú svo gamaldags að ég held að kjósendur kjósi ekki út á taktík, eða hver er flottastur í sjónvarpinu, heldur taki fólk afstöðu til þeirrar stefnu sem menn hafa fram að færa og síðan hvort því líki aðferðir sem fólk notar til að stunda pólitík. Ég held að niðurstaðan sé sú að fólki líkar hvorugt. Við verðum að hlusta á það. Gera breytingar og það í samstarfi við aðra flokka."

Allt ómögulegt án evru

Hvaða breytingar?

„Við höfum verið að segja að allt sé ómögulegt og verði ómögulegt á meðan við höfum íslensku krónuna. Það verði allir bara að bíða eftir evrunni. En hún er ekkert að koma í náinni framtíð. Það var hægt að hafa þessa skoðun þegar við áttum möguleika á hraðri inngöngu í ESB, strax eftir hrun. Núna verður jafnaðarmannaflokkur sem ætlar að hafa pólitík fyrir ungt fólk, fólk með meðaltekjur og lægri tekjur, að reyna að skapa bærileg vaxtakjör og bærilegan fjármálamarkað. Það sker mest í augun þegar við berum saman lífskjör hér og í nágrannalöndum. Við verðum að segja fákeppninni á bankamarkaði, spillingu, stríð á hendur. Kalla eftir róttækum skipulagsbreytingum, eins og að skilja á milli fjárfestinga- og viðskiptabanka. Við þurfum að draga úr kostnaði við bankana, setja skorður við hvað má innheimta af fólki í þjónustugjöld. Taka upp verðtryggingarmálin og ég gæti haldið áfram. Taka afstöðu með fólkinu gegn fjármálafyrirtækjunum."

Helgi segir vandamál Samfylkingarinnar ekki sérislensk.

„Kreppa Samfylkingar hér er samt dýpri en jafnaðarmannaflokka annars staðar en er alls staðar af sömu rótum runnin. Fólk hefur orðið fyrir vonbrigðum með að við sem erum fulltrúar almennings höfum ekki talað harðar fyrir fólkið gegn fjármálaöflunum. Fjármálaöflin ráði og pólitíkusar séu í þessu fyrir sjálfa sig. Svo séu þeir í baktjaldamakki sín í milli sem ekkert kemur út úr fyrir almenning. Þarna þurfum við að stíga fram, alveg skýr, og keyra einbeitta og afdráttarlausa pólitík um að þessu viljum við breyta."

Árni Páll Árnason, formaður flokksins, sendi bréf til samflokksmanna sinna á dögunum, þar sem hann fór yfir mistök flokksins undanfarin ár. Eruð þið Árni þá ekki sammála í megindráttum?

„Þetta eru engin ný sannindi. Eins og ég segi er jafnaðarmannakreppa út um allan heim, ekki bara jafnaðarmannaflokka, heldur stjórnmálaflokka bæði hægra og vinstra megin. Fólk sem er annars staðar í pólitík hefur sömu upplifun af sínum flokkum. Að þeir megi sín lítils gagnvart fjármálakerfinu. Og hefur líka yfirgefið þá víða og gengið til liðs við alls konar nýja popúlistaflokka, og suma dapurlega," segir hann.

Þurfum að læra af Pírötum

„Það er verið að kalla eftir öðruvísi vinnubrögðum í pólitík. Kalla eftir hreinskiptni, heiðarlegri umræðu og ég held að það sé eitthvað sem við verðum að taka til okkar. Breyta því hvernig við tölum. Við höfum barist fyrir því árum saman að fá hér rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að það sé mikilvægasti áfangi sem við getum náð, að fólk hafi bein og milliliðalaus áhrif á stórar ákvarðanir. Ég held að þannig getum við dregið lærdóm af Icesave. Tryggjum fólki að það eigi þennan rétt um alla framtíð. Við þurfum líka að lýðræðisvæða flokkana okkar og þar þurfum við í Samfylkingu að taka upp þráðinn, því við misstum það frá okkur. Við vorum framarlega í umræðu um beint lýðræði og flokksmenn ákváðu meginstefnuna. Svo fylgdum við þingmennirnir þeirri línu. Hin síðari ár hefur verið miklu meira um það að við erum að senda flokksmönnum hver sé línan. Þar getum við lært af Pírötum. Einfaldlega að temja okkur nútímaleg vinnubrögð."

> **Við þurfum að endurhugsa allt. Nafnið, hvort við viljum sameinast öðrum flokki, hvort við viljum kosningabandalag, starfshætti, stefnuna.**

Helgi Hjörvar segir ekkert launungarmál að hann hafi byrjaði í stjórnmálum til þess að sameina jafnaðarmenn. „Ég tók virkan þátt í að búa til Reykjavíkurlistann á sínum tíma, Samfylkinguna seinna og ég tel að við séum á þeim stað að við þurfum að leita leiða til þess að gera það aftur. Við eigum að vera samfylkingin með litlu s-i. Það á ekki að vera flokkurinn okkar, eða embætti í honum sem skipta höfuðmáli heldur sú staðreynd að meirihluti Íslendinga vill félagshyggjuöfl við stjórnvölinn. Verkefnið okkar er að gera allt sem við getum til að skipuleggja stjórnandstöðuna sem nú er á þingi og félagshyggjuflokkana til þess að ná sem mestum árangri, hvort sem það er með sameiningu eða kosningabandalagi."

Samræður um sameiningu

Hafa formlegar viðræður átt sér stað?

„Það hafa verið samræður milli fólks og hefur verið teflt fram góðri hugmynd frá Birgittu Jónsdóttur um samstarf um afmörkuð verkefni á stuttu kjörtímabili. Ég held að það sé góð hugmynd. Við eigum að einhenda okkur í samræður við Bjarta framtíð, Vinstri græna og Pírata um með hvaða hætti þetta verði best gert og auðvitað líka við fólk sem stendur utan við flokka en hefur pólitískar hugsjónir."

En ef fram heldur sem horfir – er Samfylkingin ekki að þurrkast út?

„Ég treysti því að ákvörðun um að flýta landsfundi muni hleypa lífi í umræðu um Samfylkinguna. Fyrir hvað hún stendur, á að standa og hvert hún á að fara. Ég er sannfærður um að sú umræða og þátttaka sem flestra í henni geti hjálpað okkur að styrkja stöðu flokksins. Það er svo stór hluti landsmanna sem hefur jafnaðarmannahugsjón. Brennur fyrir hana í hjartanu. Vill hafa eitt öflugt stjórnmálaafl sem getur haldið henni fram og tryggt að hún hafi veruleg áhrif á hvernig landið mótast. Það er skylda okkar sem erum á dekkinu að gera það sem við getum til þess."

Er þetta ekki að einhverju leyti ➡

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.

- Gúrkusafi Þórhalls og Erlu sem hressir, bætir og kætir! -

// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu //
Lítið mál að bæta við steinselju, selleri, kóríander, spínati. Því grænni því betri!

Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.

ímyndarvandi líka? Fyrir okkur sem fyrir utan stöndum virðist óeining innan flokksins.

„Ef það er upplifunin er það hluti af því sem við þurfum að taka á. Ég held hins vegar að það sé ótrúlegt hvað þessi hópur hefur staðið þétt saman í gegnum mörg erfiðustu ár í lýðveldissögunni. Við höfum farið saman í gegnum ótrúlega skafla. Tekist á við meiri erfiðleika við stjórn landsins heldur en nokkur annar þingflokkur. En auðvitað er eðlilegt þegar flokkar eru í lægð að það komi fram ólík sjónarmið. Hugmyndin með stórum jafnaðarmannaflokki var ekki að hafa einn flokk með eina hugmynd. Ef maður ætlar að vera í stjórnmálaflokki með fólki með sömu skoðun og maður sjálfur er maður sennilega í eins manns flokki. Því öll erum við ólík."

Vantar nýtt fólk í forystu

Raddir hafa verið uppi um að í gagngerri yfirhalningu þurfi að breyta nafni flokksins. Helgi segir nafnbreytingu hafa verið rædda og geta verið hluta af því nýja upphafi sem Samfylkingin þurfi á að halda.

„Mér finnst það koma sterklega til greina. Við þurfum að endurhugsa allt. Nafnið, hvort við viljum sameinast öðrum flokki, hvort við viljum kosningabandalag, starfshætti, stefnuna. Það hlýtur að vera hverjum manni augljóst að flokkur sem hefur tapað tveimur þriðju fylgis síns þarf að endurskoða allt."

Helgi segir það augljóslega hluta af vandanum hversu lítil endurnýjun hefur verið innan flokksins. „Okkur vantar nýtt fólk í forystuliðið, það varð engin endurnýjun í þingflokknum og það þarf verulega breytingu í því í næstu kosningum."

Hann segir vanta meira af ungu fólki. „Við eigum talsvert í sveitarstjórnum af ungu efnilegu fólki sem ég vona að sækist eftir að komast í forystusveitina."

Í gær tilkynnti Katrín Júlíusdóttir, varaformaður flokksins að hún hygðist hætta afskiptum af stjórnmálum. „Það er ekki að ástæðulausu að margir skoruðu á Katrínu að gefa kost á sér til formanns. Hún hefur bæði reynst frábær félagi og farsæll forystumaður sem sjónarsviptir er að úr pólitíkinni."

Heldurðu að ríkisstjórnin falli í næstu kosningum?

„Ég vona það. En það getur skipt máli um það að þeir sem vilja breytingar nái saman. Við höfum séð það gerast að þau öfl sem vilja breytingar, félagshyggjuöflin, eru sundruð í mörg framboð. Þá hafa áður í sögunni glatast tækifæri til að ná fram breytingum. Þá hafa stjórnarflokkar haldið velli því það var sundruð hjörð á móti þeim."

Helgi Hjörvar segir Katrínu Júlíusdóttur hafa reynst frábæran félaga í Samfylkingunni og sjónarsviptir sé að henni úr pólitíkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skörp skil á vinnustaðnum

Helgi hefur langa reynslu af stjórnmálum en hann settist fyrst á þing 2003. Hann hafði áður verið borgarfulltrúi frá 1998. Reyndar byrjaði hann að starfa á þinginu 13 ára gamall sem þingsveinn og þekkir því vinnustaðinn vel. Hann segir stemminguna á þinginu vera öðruvísi í dag en hún var fyrir hrun. Skarpari skil séu milli stjórnar og stjórnarandstöðu. „Við úr stjórnarandstöðunni sitjum saman í matsalnum og ræðum saman en það er miklu sjaldgæfara að fólki úr meirihluta og minnihluta sitji þannig saman – þetta eru tveir hópar."

Katrín Júlíusdóttir talaði um í föstudagsviðtalinu að stjórnarliðar væru hörundsárir og viðkvæmir fyrir gagnrýni. Er það þín upplifun?

„Ég held að menn séu viðkvæmir fyrir gagnrýni en veit ekki hvort það er meira en áður var. Gagnrýnin almennt er meiri en áður og sumpart er það gott því hér áður fyrr vorum við ekki nægilega gagnrýnin og því fór sem fór."

Þú byrjaðir snemma í pólitík, var það alltaf það sem þú vildir gera?

„Ég hugsa að það hafi alltaf verið í hjartanu. Það var strax mikil og sterk réttlætiskennd man ég. Ef mér fannst eitthvað ósanngjarnt eða óréttlátt þá snerti það mig strax og mikið. Og þá lét ég í mér heyra eða til mín taka."

Helgi ætlaði reyndar að verða blaðamaður og átti að þjálfa hann upp í að verða ritstjóri Þjóðviljans eftir að hann fór þangað í starfskynningu 15 ára gamall. Hann vann á öllum starfsstöðvum til þess að kynnast starfseminni. „En svo bara æxluðust hlutirnir öðruvísi."

> **Því maður getur alveg leyst praktísku vandamálin. Maður getur ekki keyrt – þá tekur maður leigubíl, maður getur ekki lesið – þá les einhver fyrir mann eða tölvan talar. Þú getur unnið úr öllu þessu en það er svo mikil upplifun sem maður fær í gegnum sjónina, af fegurðinni og lífinu. Það er sorgarferli að missa sjónina.**

Skref fyrir skref fór sjónin

Helgi ólst upp fyrstu sex árin í Danmörku en fjölskyldan fluttist svo heim til Íslands. Fyrst bjuggu þau í miðbæ Reykjavíkur en síðan í Vesturbænum. Hann æfði ballett til unglingsára og tók þátt í nokkrum leikritum í Þjóðleikhúsinu. Helgi byrjaði í MH en kláraði ekki námið, líklega að hluta vegna þess að þá var sjón hans farin að versna og hann farinn að eiga erfitt með lestur. Helgi er með arfgengan augnsjúkdóm. „Nethimnan bak við augun hrörnar og deyr. Smátt og smátt hnignar sjóninni og á menntaskólaárunum var lessjónin að fara án þess að ég vissi það. Þetta er bara eitthvað sem kemur stig af stigi. Ég var náttblindur sem strákur, þegar ég var svona 10 ára þá hætti ég að sjá badmintonfjöðrina þegar hún var hátt uppi í loftinu og hætti að æfa. Svo fór ég að fá handboltann í andlitið svona 12 ára. Fjórtán til fimmtán ára er ég farinn að gefa fótboltann á strák í hinu liðinu og þið vitið – skref fyrir skref, þá fór sjónin."

Hann segir það hafa verið erfitt að missa sjónina.

„Það eru svo ofboðslega miklar tilfinningar tengdar því að sjá. Það er stundum sagt að þetta sé fyrst og fremst fagurfræðilegt vandamál fyrir mann. Því maður getur alveg leyst praktísku vandamálin. Maður getur ekki keyrt – þá tekur maður leigubíl, maður getur ekki lesið – þá les einhver fyrir mann eða tölvan talar. Þú getur unnið úr öllu þessu en það er svo mikil upplifun sem maður fær í gegnum sjónina, af fegurðinni og lífinu. Það er sorgarferli að missa sjónina."

Í dag hefur hann smá ratsjá í björtu. „Mér hefur haldist betur á henni síðustu ár en ég þorði að vona. Ég fór í raflostsmeðferð í Þýskalandi sem var þannig að ég fékk rafstraum í augað einu sinni í viku. Það gerði mér gott.

Þá er lagður þráður í augað, lágur straumur sendur í gegnum augað. Þetta tengist dálítið skemmtilegri og spennandi tækni sem er tölvusjón. Það eru um það bil 100 manns í heiminum komnir með tölvusjón. Hún er tiltölulega frumstæð enn þá og fólk sér kannski svona 30 pixla sem kallað er og fær þannig grófa mynd. Sér kannski glugga, dyr og allra grófustu hluti. En þetta er tækni sem er að þróast og þróast vonandi hratt þannig að meiri gæði verði í myndinni sem er búin til. Í tengslum við það áttuðu menn sig á því að svona rafmagn sem örvaði sjóntaugina gæti haft áhrif, dregið úr hraða hrörnunarinnar."

Ellen Calmon sagði á dögunum að engum fyndist neitt athugavert við að blindur maður væri á þingi þar sem Helgi hefði rutt þá braut.

„Það er gaman ef maður getur verið fyrirmynd í því sem maður er að fást við. Auðvitað er mikilvægt að við höfum fólk sem ryður brautina á nýjum sviðum. Það eru miklir fordómar sem fatlað fólk mætir á vinnumarkaði, t.d. sjónskert fólk. Ég vísa í norska könnun þar sem menn vildu síður ráða sjónskerta en þá sem höfðu afbrotaferil. Þeir sem eiga afbrotaferil eiga við mikla fordóma að stríða að komast inn á vinnumarkað. Það er mikilvægt að sýna fram á að við getum sinnt vel flestum störfum eins og hver annar. Ég held að því miður sé fatlað fólk allt of oft vanmetið."

Blindir aldrei einmana

Hvernig er þetta fyrir þig í daglegu lífi? Ertu með hjálpartæki?

„Ég er með leiðsöguhundinn Herra X sem er að vísu kominn að því sem ég kalla sveigjanleg starfslok. Hann á að vera hættur að vinna en mér finnst svo sorglegt að skilja hann eftir þegar ég er að fara í vinnuna að ég reyni að leyfa honum að koma með aðra hverja ferð. Hann varð 10 ára í nóvember. Þá hætta þeir að vinna. Nú er einn af kostunum við það að vera blindur að maður verður aldrei einmana því síminn talar við mig. Ef maður er alveg einangraður pólitískt og enginn vill tala við mann þá talar síminn," segir hann hlæjandi. „Allt sem maður nálgast í símanum sem er ekki grafískt getur hann sagt mér, svo talar tölvan og þingið er svo elskulegt að ég er með aðstoðarmann sem les fyrir mig og gefur mér stuttu útgáfuna af löngum skýrslum sem maður hefur ekki tök á að lesa með þessum hætti."

Helgi sér ekki fyrir sér að vera í stjórnmálum alla ævi.

„Ég sé raunar fyrir mér að sinna öðrum verkefnum á síðari hluti starfsævinnar enda fjölmargt sem er spennandi að takast á við og vinna við í heiminum. Hvað sem það yrði, lengi gældi ég við það að vinna einmitt að málefnum fatlaðs fólks."

Kaka Ársins
2016

NÓI SÍRÍUS

Landssamband bakarameistara
- Stofnað 1958 -

Hnetu Sirius NIZZA

ESA til hjálpar neytendum hér

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fagnaðarefni er fyrir íslenska neytendur, sem fram kom á fundi Samkeppniseftirlitsins í gærmorgun, að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, komi eftirleiðis í auknum mæli til með að láta til sín taka í íslenskum samkeppnismálum.

Hér hefur leiðin í átt til eðlilegra viðskiptahátta verið löng og viðvarandi sú tilfinning að stöðugt sé verið að snuða neytendur. Verð ýmissa vörutegunda virðist í fjölda tilvika hátt í samanburði við það sem gerist í öðrum löndum, án þess að augljósar séu einhverjar ástæður sem skýrt geti muninn.

Þá hafa brotamál sem hér hafa komið upp tekið ógnartíma og álitamál hvort sektir hafi verið þannig að fæli fyrirtæki frá frekari brotum.

Í blaðinu í dag er haft eftir Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, að Síminn hafi til að mynda verið sektaður sex sinnum fyrir brot og að sex fyrirtæki hafi verið sektuð oftar en einu sinni.

Núna á að auka samræmingu í reglum samkeppniseftirlitsstofnana Evrópulanda sem þýðir að sektir fyrir samkeppnislagabrot komi til með að hækka hér, en þær hafa til dæmis verið lágar í samanburði við þau viðmið sem ESA hefur notast við.

Eins er haft eftir Gjermund Mathiesen, yfirmanni samkeppnismála hjá ESA, að búast mætti við að meira bæri á ESA við rannsókn samkeppnismála hér. Búast mætti við að ESA færi af stað með eigin rannsóknir og húsleitir, með fulltingi stofnana á borð við Samkeppniseftirlit og lögreglu hér innanlands. Stofnunin gæti þá lagt á sínar eigin sektir.

Í umfjöllun Félags atvinnurekenda um fundinn kemur jafnframt fram að tæki ESA ákvörðun í samkeppnismálum sem varði íslensk fyrirtæki þá sé áfrýjunarferlið styttra en hjá Samkeppniseftirlitinu hér. „Í stað þess að mál færu í gegn um áfrýjunarnefnd samkeppnismála, héraðsdóm og Hæstarétt, færu þau eingöngu til EFTA-dómstólsins, sem væri fyrsta og síðasta stjórnvaldið sem hægt væri að áfrýja til," segir þar.

Í blaðinu kemur líka fram að ESA hafi til skoðunar hvort undanþágur sem mjólkuriðnaðurinn hefur notið standist evrópska samkeppnislöggjöf. Verði niðurstaðan sú þá geta bæði Samkeppniseftirlitið og ESA beitt sér fyrir úrbótum á þeim markaði, svo sem með álagningu sekta, þrátt fyrir ákvæði búvörulaga.

Hvort sú staðreynd að íslensk stjórnvöld hafi ekki skilað svörum til ESA um málið innan tilskilins tímafrests, sem rann út í byrjun þessarar viku, sýni að hér á landi viti menn upp á sig skömmina skal aftur ósagt látið.

Í vegferð í átt til heilbrigðara viðskiptaumhverfis veitir neytendum og Samkeppniseftirlitinu íslenska ekki af bandamönnum. Vonandi verður aukin athygli frá ESA til þess að þegar verði hugað að úrbótum þar sem þeirra er þörf.

Verð ýmissa vörutegunda virðist í fjölda tilvika hátt í samanburði við það sem gerist í öðrum löndum, án þess að augljósar séu einhverjar ástæður sem skýrt geti muninn.

Halldór

Frá degi til dags

Kosningabaráttan byrjuð

Matthías Imsland var á dögunum ráðinn sem aðstoðarmaður forsætisráðherra en hann hafði áður verið aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur. Sagan segir að það sé kominn kosningaskjálfti í Framsóknarflokkinn, sem hefur tapað tólf prósentum frá síðustu kosningum, og Matthías sé ráðinn aðstoðarmaður fyrst og fremst til að vera kosningastjóri. Matthías var eitt sinn framkvæmdastjóri flugfélagsins Iceland Express og nú vonar Sigmundur að með ráðningu hans fari fylgið á flug á ný.

Ódýr pólitík

„Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst alveg ótrúlega ódýr pólitík sem hæstvirtur þingmaður stundar hér, að segja að öll ábyrgðin á einstökum ákvörðunum í bönkum sem eru í ríkiseigu liggi hjá fjármálaráðherranum," sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í pontu Alþingis í gær þegar Svandís Svavarsdóttir innti hann eftir svörum um Borgunarmálið. Þetta er skemmtilega orðað hjá fjármálaráðherra en það vill einmitt svo vel til að Borgun var seld „alveg ótrúlega ódýrt".

Bjarni hefur raunar sjálfur sagt að honum finnist verðið sem Landsbankinn fékk fyrir hlut sinn í Borgun óeðlilega lágt. Nú er stóra spurningin hver skuldar svör um Borgunarmálið og hverjir verða látnir gjalda fyrir það.

snaeros@frettabladid.is

ISAL er langt yfir „íslenskum launum"

Ólafur Teitur Guðnason
upplýsingafulltrúi ISAL

Samninganefnd verkalýðsfélaganna í Straumsvík hefur brugðist við fyrri grein minni hér í blaðinu með yfirlýsingu til fjölmiðla. Jákvætt er að ekki einu einasta atriði í grein minni er mótmælt. Þótt ánægjulegt sé að fá slíka staðfestingu á því sem fram kom í greininni er þó ýmislegt við yfirlýsinguna að athuga, þetta helst:

Félögin segja: „Kjaradeila starfsmanna álversins við Rio Tinto snýst um eitt einfalt grundvallaratriði: Að borguð séu íslensk laun fyrir störf í Straumsvík."

Þetta væru mikil tíðindi, væri þetta rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að verkalýðsfélögin vilja einmitt ekki að greidd séu íslensk laun í Straumsvík heldur ISAL-laun, sem eru um fjórðungi yfir íslenskum launum. (Samanburður á dagvinnulaunum verkamanna þegar samningaviðræðurnar hófust.)

Það er rangt hjá verkalýðsfélögunum að ISAL njóti einhverra vildarkjara á Íslandi umfram aðra. Fyrirtækið tilheyrir íslensku skattkerfi að öllu leyti og nýtur þar engra sérkjara. Að mati Ketils Sigurjónssonar orkubloggara greiðir fyrirtækið einnig langhæsta orkuverð allra álvera hér á landi. Fullyrðingar verkalýðsfélaganna um þessi atriði eru því einfaldlega rangar, rétt eins og sú fullyrðing þeirra að aldrei hafi komið til verkfalla í Straumsvík.

Kjaradeilan í Straumsvík snýst ekki um „íslensk laun" heldur þá staðreynd að ISAL býr við nærri 50 ára gamlar hömlur á útvistun verkefna sem eiga sér enga hliðstæðu á Íslandi. Verkalýðsfélögin þvertaka fyrir að leyfa ISAL að sitja við sama borð og allir aðrir hvað þetta varðar. Fyrir þann málstað afþökkuðu þau tilboð fyrirtækisins um ríflega fjórðungshækkun ofan á laun sem fyrir voru fjórðungi hærri en þau íslensku laun sem þau segja svo í hinu orðinu að sé krafa þeirra.

Væri það raunverulega krafa verkalýðsfélaganna að fá greidd „íslensk laun" væri ekkert því til fyrirstöðu að skrifa tafarlaust undir samning, því ISAL uppfyllir þá kröfu nú þegar og gott betur.

Væri það raunverulega krafa verkalýðsfélaganna að fá greidd „íslensk laun" væri ekkert því til fyrirstöðu að skrifa tafarlaust undir samning.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Besserwissmi

Bergur Ebbi

Besserwisser. Hvað er það? Sá sem veit alltaf betur en næsti maður og leiðist ekki að koma því á framfæri. Slíkt fólk er til og þetta er orðið sem er notað til að lýsa því. En þetta orð, besserwisser, er óþolandi – ekki ólíkt manngerðinni sem það á að lýsa. Það er meira að segja erfitt að skrifa það: besserwisser. Mikið af s-um. Tvöfalt vaff. Manni líður soldið eins og besserwisser bara við að stafsetja orðið. En það er ekki til annað orð í íslenskri tungu sem nær betur yfir hugtakið, sem er líka pirrandi því þetta tiltekna orð er ekki einu sinni íslenska. Það hlýtur þó að teljast töluverður besserwissmi að benda á þá staðreynd að uppruni orðsins er þýskur.

Ég óska engum að vera besserwisser. Það myndi seint teljast til mannkosta. Það er þó líklega skárra en að halda framhjá eða svíkja undan skatti. Já. Líklega. En það er líka eitthvað einstaklega pirrandi við þá staðreynd að besserwissmi er býsna meinlaus athöfn. Maður getur ekki sett fólk í fangelsi fyrir að vera besserwisserar og maður getur ekki heldur slitið vinskap við það (þó að það sé reyndar ekki alveg útilokað).

Umburðarlyndir kennarar

Ég tel mig geta dæmt besserwissera því ég tilheyri þeim sjálfur. Eða það gerði ég að minnsta kosti. Ég var hálf óþolandi þegar ég var krakki, sérstaklega gagnvart eldra fólki sem oftast sýndi mér þolinmæði og skilning. Ég hugsa oft um þetta í sambandi við starfstétt kennara. Oft þurfa kennarar að berjast fyrir hærri launum með því að benda á þá ábyrgð sem fylgir starfinu. Þar tek ég undir hvert orð. Kennarar þurfa að huga bæði að lærdómi barna og tilfinningaþroska. Kennarar þurfa að feta þá erfiðu slóð að vera bæði strangir en jafnframt skilningsríkir. Sjaldan reynir jafn mikið á þetta og þegar pirrandi krakkar trufla kennslustund með sjálfumglöðum athugasemdum sem er ætlað að sýna að þau viti betur. Ég gæti ekki verið kennari sjálfur. Ég gæti ekki afborið lítinn besserwisser í bekknum, með stingandi og pirrandi komment á allt mögulegt. Af þessum ástæðum, og reyndar mörgum öðrum líka, ber ég einstaklega mikla virðingu fyrir kennarastéttinni og vil þakka öllum þeim kennurum sem ég hef haft um ævina fyrir að hafa umborið mig.

En hvað erum við að tala um? Hvernig besserwisser var ég? Ég var pirrandi náungi. Ímyndið ykkur tíu ára krakka með skoðanir á heilbrigðiskerfinu. Lítinn Kára Stefánsson. Hversu stjarnfræðilega pirrandi er það? Eða tíu ára krakka sem gat ekki hætt að tala um Winston Churchill. Þegar ég var tíu ára sá ég líka „All the Presidents Men“ og fékk Watergate-hneykslið á heilann. Ég lét dæluna ganga um innri átök í bandaríska Repúblikanaflokknum árið 1972. Svona lét ég jafnvel í leikfimitímum. Það hefði átt að fleygja mér út.

Þrígreindur með ebóla

Ég prísa mig sælan að hafa verið barn áður en internetið kom. Þá fyrst fór besserwissmi á flug í samfélaginu. Allir með skoðun á öllu, búnir að lesa sér til um skordýraeitranir í Michigan eða ítök frímúrara í breska bankakerfinu. Það er víst algjör pest að vera heimilislæknir í dag því sjúklingarnir eru flestir búnir að þrígreina sig sjálfir með hjálp Wikipedia áður en þeir hitta lækninn. Sumir eru sannfærðir um að þeir séu með ebóla-veiruna, eða eitthvert sjaldgæft afbrigði af henni sem læknirinn hefur ekki heyrt um því hann er jú bara með níu ára háskólanám í læknavísindum.

Þetta eru yndislegir tímar. Allir, börn jafnt sem fullorðnir, stútfullir af súdó-vísindum um allan fjandann. Allir að leiðrétta aðra og stinga upp í þá. En sko. Vissir þú að þessi eða hinn fann í rauninni upp

Ég prísa mg sælan að hafa verið barn áður en internetið kom. Þá fyrst fór besserwissmi á flug í samfélaginu. Allir með skoðun á öllu, búnir að lesa sér til um skordýraeitranir í Michigan eða ítök frímúrara í breska bankakerfinu.

ljósaperuna á undan Edison og bla bla bla. Við lifum á tímum besserwissma og það er ekki til neinn páfi eða keisari eða John Lennon sem veit allt best. Allir eru fullir af sínum sannleika og endalausum vilja til að troða honum ofan í kok á næsta manni. Ókei, kannski ekki allir, en mjög margir.

Éttu líkama Krists

Hefur þetta alltaf verið svona? Nei. Einu sinni var borinn á borð sannleikur og fólk fylgdi honum bara. Líkami Krists. Nei, þetta er bragðlaus hveititafla. Nei, kallinn minn. Þetta er líkami Krists og éttu hann bara, óupplýsti auminginn þinn. Amen. Auðvitað er það hræðilegt. Því fylgdi kúgun persónulegs frelsis sem er það dýrmætasta sem til er í heiminum. Og kannski er frelsið ekkert svo dýru verði keypt ef það eina sem við þurfum að þola er fólk sem póstar YouTube-slóðum um „The Real Truth About 9/11“. Þetta gæti verið miklu, miklu verra.

Besserwissmi er bara þannig að maður verður að leiða hann hjá sér. Annars gerist maður sekur um hann sjálfur. Það er kannski ekki gott að vera besserwisser. Þeir virka sí-pirraðir og óhamingjusamir, jafnvel hatursfullir. En sýnu verra er að vera pirraður á þeim pirruðu og láta þetta á sig fá því þá tapa allir. Þessi vítahringur verður best útskýrður með tilvitnun í Richard Nixon (afsakið en þetta er 10 ára Ebbi sem hér grípur í taumana):

„Gerðu ávallt þitt besta, aldrei missa móðinn, vertu aldrei aumkunarverður; mundu líka að aðrir munu hatast við þig, en þeir vinna ekki nema þú hatir þá á móti en þannig tortímirðu sjálfum þér.“ Broskall og bless.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Síminn

Aðalfundur Símans hf.

Vakin er athygli á fundarboðun sem birt var í fréttakerfi Kauphallar þann 18. febrúar 2016 vegna aðalfundar Símans hf. sem haldinn verður á Nauthól við Nauthólsvík kl. 10.00 fimmtudaginn 10. mars 2016.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
9. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
10. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga og framkvæmd endurkaupaáætlunar.
    Verði tillagan samþykkt felur það í sér að heimildarinnar verður getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi, sbr. grein 8.1 samþykkta félagsins.
11. Önnur mál.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á aðalfundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 10.00 þann 29. febrúar 2016. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið hluthafar@siminn.is. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu félagsins, www.siminn.is/siminn/fjarfestar/stjornarhaettir/hluthafafundir/

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Upplýsingar fyrir hluthafa

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 18. febrúar 2016 er 9.650.000.000 hlutir og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði 9.649.999.981.

Aðrar upplýsingar

Á vef félagsins, www.siminn.is/siminn/fjarfestar/stjornarhaettir/hluthafafundir/, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2015, umboðseyðublað, framboðseyðublað auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn. Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum þremur dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins og skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar, þ.e. fyrir kl. 10.00 þann 5. mars 2016 og skal senda framboð á netfangið stjorn@siminn.is. Framboðseyðublað er að finna á vefsíðu félagsins og tilkynnt verður um framboð til stjórnar á vef félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða afhent á fundarstað frá kl. 9.30.

Reykjavík, 18. febrúar 2016
Stjórn Símans hf.

Martin Hermannsson hefur spilað frábærlega á tímabilinu og hann gæti fært sig til Evrópu í sumar ef spennandi tilboð berst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sér ekki eftir að vera áfram

Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta, virðist hafa tekið hárrétta ákvörðun þegar hann kaus að vera áfram í bandaríska háskólaboltanum. Martin hefur farið á kostum á tímabilinu og var kjörinn leikmaður vikunnar í þriðja sinn. Það kemur vel til greina að skoða tilboð frá Evrópu í sumar.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI „Það er alltaf gaman að fá verðlaun og finna fyrir því að tekið er eftir manni en sigrarnir hjá liðinu eru miklu mikilvægari ef við ætlum okkur að gera eitthvað á þessari leiktíð," segir Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta, í viðtali við Fréttablaðið, en hann var kjörinn leikmaður vikunnar í þriðja sinn á tímabilinu í norðausturdeild bandaríska háskólaboltans á dögunum.

Martin, sem spilar með LIU Brooklyn, átti frábæra tvo leiki í síðustu viku þar sem hann skoraði að meðaltali 18 stig, tók níu fráköst, gaf fimm stoðsendingar og stal þremur boltum í tveimur sigurleikjum LIU. Sigrarnir voru líka mikilvægir fyrir liðið því það er nú öruggt inn í úrslitakeppni deildarinnar í baráttu um eina lausa sætið í lokamótinu, March Madness.

„Við erum klárlega með nógu gott lið til að vinna þessa deild. Nú erum við búnir að sópa toppliðinu sem var spáð titlinum. Í síðustu tveimur leikjum erum við að átta okkur á hversu gott lið við erum með. St. Francis sem við unnum síðast er besta varnarliðið í deildinni en við skoruðum 82 stig á það. Sóknin er ekki vandamálið hjá okkur heldur vörnin," segir Martin.

Draumur hans, eins og allra háskólastráka, er að spila í lokamótinu. „Það yrði þvílík upplifun. Liðið sem vann okkar deild í fyrra mætti Duke. Það væri ekki leiðinlegt að mæta þannig risaskóla því í lokamótinu uppgötvast alltaf nýjar stjörnur."

Lenti á vegg

Martin stóð sig vel í fyrra og skoraði þá tíu stig, tók 3,8 fráköst og gaf 3,3 stoðsendingar að meðaltali í leik. Nú er hann að skora 16 stig að meðaltali í leik, taka 4,3 fráköst og gefa 4,4 stoðsendingar. Hann er einn af bestu leikmönnum norðausturdeildarinnar, en hver er stóri munurinn á þessum árangri milli tímabila?

> Ég átti í erfiðleikum því hinir leikmennirnir voru sterkari og fljótari.
>
> Martin Hermannsson

„Ég lenti á vegg í fyrra. Ég kom hingað úr íslensku deildinni þar sem maður var svakalegur karl en hérna snýst þetta svo mikið um varnarleikinn. Öll liðin eru líka búin að skoða þig inn og út og vita hvað þú ætlar að gera í hverri sókn," segir Martin, sem kvaddi Ísland sem Íslandsmeistari með KR og besti leikmaður Íslandsmótsins.

„Ég átti í erfiðleikum því hinir leikmennirnir voru sterkari og fljótari. Ég ákvað því í sumar að gefa mig allan í landsliðsundirbúninginn og var mikið að vinna með Gunnari Einarssyni [einkaþjálfara og fyrrverandi leikmanni Keflavíkur]. Ég fann mikinn mun á mér líkamlega. Svo var líka egóbúst að vera valinn í landsliðið og fá mínútur á EM."

Íþróttir snúast líka að stórum hluta um andlega þáttinn og bakvörðurinn úr Vesturbænum er vel meðvitaður um það. „Maður þarf bara að vinna með hausinn á sér og átta sig á því hvað maður getur. Maður þarf bara að fara í alla þessa leiki fullur sjálfstrausts og hafa trú á að maður sé betri en þessir gaurar," segir Martin.

Íhugaði að skipta

Hávær orðrómur var uppi í sumar þess efnis að Martin ætlaði ekki að mæta aftur til LIU heldur mögulega finna sér lið í Evrópu eða jafnvel skipta um skóla í Bandaríkjunum. Martin hélt spilunum þétt að sér í sumar þegar gengið var á hann sem var skynsamlegt þar sem hann ákvað að fara aftur til LIU og spila í stóra eplinu.

„Það kom alveg upp í kollinn hjá mér að breyta til. Það eru hlutir hérna sem fara í taugarnar á mér og ég er ekki alltaf nógu sáttur. Kaninn er bara öðruvísi en Evrópubúinn. Það kom já alveg til greina að fara eitthvað annað," segir Martin sem tók að því er virðist, miðað við gengið í vetur, hárrétta ákvörðun.

„Þegar ég hugsaði mig betur um ákvað ég að taka eitt ár í viðbót því maður hefur heyrt að fyrsta árið sé mjög erfitt hérna. Það tekur tíma að koma sér inn í hlutina. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun að vera áfram," segir Martin.

Það þarf aftur á móti ekki að fara svo að KR-ingurinn mæti til leiks næsta vetur ef áhuginn verður mikill frá Evrópu í sumar. Hann viðurkennir að það komi vel til greina að skoða spennandi tilboð handan hafsins.

„Alveg klárlega. Maður finnur fyrir miklum áhuga úr öllum áttum. Fólk er að hafa samband sem er eðlilegt þegar vel gengur. Ég reyni bara að einbeita mér að liðinu núna og sé svo til hvað gerist eftir tímabilið," segir Martin.

Kærastan mikið úti

Martin var nýkominn úr síðbúnum morgunmat og að gera sig kláran fyrir æfingu þegar Fréttablaðið heyrði í honum, en hann var að undirbúa sig fyrir leik gegn Robert Morris-háskólanum í Pittsburgh í gær. Það var létt yfir Martin sem er eini Íslendingurinn í liðinu núna eftir að Elvar Már Friðriksson lét gott heita í Brooklyn og skipti yfir til Miami.

„Það hjálpaði mikið að vera með Elvari í fyrra. Ég var samt ekkert smeykur við að koma út aftur því ég var búinn að koma mér inn í allt saman hérna," segir Martin aðspurður hvernig það sé að vera eini Íslendingurinn.

„Ég er samt aldrei alveg einn. Kærastan er mikið hjá mér, fjölskyldan kemur í næstu viku og svo er stóðugur ferðamannastraumur hingað út. Það er auðvelt að koma því þetta eru ekki 2-3 flug," segir Martin.

Það var ekki hægt að kveðja án þess að spyrja hvernig Martin fyndist faðir hans, Hermann Hauksson, taka sig út í sérfræðingahlutverkinu í Domino's-körfuboltakvöldi.

„Hann er gríðarlega flottur og góður að koma fram. Pabbi veit alveg hvað hann syngur og maður er bara hrikalega stoltur af honum," segir Martin sem horfir mikið á íslenskar íþróttir úti. „Ég náði að redda þessu þannig að ég get horft á Stöð 2 Sport. Það getur alveg bjargað fyrir mann deginum að sjá beinu útsendingarnar úr körfunni og svo þáttinn sem er alveg geggjaður. Ég er svo tryggur íslensku sjónvarpi að ég horfði meira að segja á Super Bowl-leikinn á Stöð 2 Sport hér úti í Bandaríkjunum," segir Martin Hermannsson.

Nýjast

32 liða úrslit Evrópudeildarinnar í fótbolta, fyrri leikir.

Midtjylland - Man. Utd 2-1
0-1 Memphis Depay (37.), 1-1 Pione Sisto (44.), 2-1 Paul Onuachu (77.)
Raunir Manchester United undir Louis van Gaal halda áfram en liðið tapaði í Herning í Danmörku og þarf sigur í seinni leiknum til að komast áfram.

Augsburg - Liverpool 0-0
Hvorugu liðinu tókst að koma boltanum í netið þrátt fyrir nokkuð opinn og skemmtilegan leik. Alfreð Finnbogason mátti ekki spila með Augsburg í leiknum.

Fiorentina - Tottenham 1-1
1-0 Nacer Chadli (37., víti), 1-1 Federico Bernardeschi (59.).
Tottenham fer aftur á White Hart Lane í finni stöðu eftir jafntefli.

Sparta Prag - Krasnodar 1-0
1-0 Lukas Julis (64.).
Ragnar Sigurðsson var í byrjunarliði Krasnodar í leiknum.

Sevilla - Molde 3-0
1-0 Fernando Llorente (35.), 2-0 Fernando Llorente (49.), 3-0 Kevin Gameiro (72.).
Eiður Smári Guðjohnsen mátti ekki spila með Molde.

St. Étienne - Basel 3-2
1-0 Bayal Sall (9.), 2-0 Kévin Monnet-Paquet (39.), 2-1 Walter Samuel (44.), 2-2 Marc Janko (56. víti), 3-2 Jean-Christophe Bahebeck (77.).
Birkir Bjarnason var í byrjunarliði Basel í leiknum sem lenti 2-0 undir en náði fínum úrslitum á útivelli.

Anderlecht - Olympiacos	**1-0**
Dortmund - Porto	**2-0**
Villareal - Napoli	**1-0**
Galatasaray - Lazio	**1-1**
Marseille - Athletic	**0-1**
Shakhtar- Schalke	**0-0**
Sion - Braga	**1-2**
Sporting - Leverkusen	**0-1**
Valencia - Rapid Vín	**6-0**

Domino's-deild karla í körfubolta

ÍR - Njarðvík 76-83
ÍR: Sveinbjörn Claessen 24/9 fráköst, Björgvin Hafþór Rikharðsson 13, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 12.
Njarðvík: Jeremy Atkinson 26/5 fráköst, Haukur Helgi Pálsson 16/5 fráköst/4 varin skot, Maciej Stanislav Baginski 14.

FSu - Höttur 83-92
FSu: Christopher Woods 22/12 fráköst, Bjarni Geir Gunnarsson 18/4 fráköst, Gunnar Ingi Harðarson 15/6 fráköst.
Höttur: Tobin Carberry 32/9 fráköst/6 stoðsendingar, Eysteinn Bjarni Ævarsson 20/9 fráköst.

Tindastóll - Snæfell 114-85
Tindastóll: Darrel Keith Lewis 35/9 fráköst/6 stoðsendingar, Myron Dempsey 34
Snæfell: Austin Magnus Bracey 33/5 fráköst, Sherrod Nigel Wright 24/14 fráköst.

Grindavík - Þór Þ. 81-87
Grindavík: Charles Wayne Garcia Jr. 27/8 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 14, Jón Axel Guðmundsson 12 /14 fráköst.
Þór Þ.: Vance Michael Hall 31/9 fráköst/5 stoðsendingar, Emil Karel Einarsson 19, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 15.

Staðan

Efri hluti		Neðri hluti	
KR	28	Tindastóll	18
Keflavík	26	Grindavík	16
Stjarnan	24	Snæfell	14
Þór Þ.	22	ÍR	10
Njarðvík	22	FSu	6
Haukar	20	Höttur	4

ÚTSALA

SPARIÐ ALLT AÐ*

50%

NÚ! Fleiri/Nýjar vörur á útsölu, komið og gerið góð kaup

*Tilboðin gilda 28.02.2018. Fylgivörur eru gerðir vegna nýjasta prentvíns.

FRÉTTABLAÐIÐ
TÍMAMÓT
19. FEBRÚAR 2016 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1870 Ádeilukvæðið Íslendingabragur eftir Jón Ólafsson ritstjóra birtist í blaði hans Baldri. Kvæðið var ort við lag franska þjóðsöngsins, þótti meinyrt í garð Dana og hlaut Jón dóm fyrir birtinguna.
1960 Efnahagsráðstafanir viðreisnarstjórnarinnar voru samþykktar á Alþingi. Þær fólust meðal annars í 30% gengislækkun og auknu frelsi í útflutningi og innflutningi, meðal annars innflutningi á bílum.
1992 Kvikmyndin Börn náttúrunnar var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda kvikmyndin.

Gullbrúðkaup
eiga í dag, 19. febrúar

Páll Árnason og Bryndís Skúladóttir
Daggarvöllum 4 í Hafnarfirði.
Þau eru að heiman.

†

Þökkum auðsýnda alúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, ömmu og langömmu,

Ingibjargar Þórðardóttur
Efstasundi 93, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Þórður H. Ólafsson, Helga M. Ólafsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Karl Halldórsson
Sundabúð 3, Vopnafirði,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri, þriðjudaginn 16. febrúar.

Hrönn Halldórsdóttir
Aðalsteinn A. Halldórsson
Anna H. Halldórsdóttir
Þór Halldórsson
Árni Árnason
Helga Björnsdóttir
Magnús Ólafur Kristjánsson
Helga Vilborg Sigjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Auður Jörundsdóttir
Kópavogsbraut 1a,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 17. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigurður Guðjónsson
Þjóðbjörg Guðjónsdóttir
Ágústa Guðjónsdóttir
Gerður Guðjónsdóttir
Guðríður Guðfinnsdóttir
barnabörn og langömmubarn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þóra Magnúsdóttir
Bræðraborgarstíg 30

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 16. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Kristín Ingvadóttir
Magnús Ingvason
Katrín Lovísa Ingvadóttir
Hilmar Karlsson
Olga Björt Þórðardóttir
Páll Baldvin Baldvinsson
og barnabörn.

„Það var ágætt að enda einn feril og hefja annan," segir Hörður sem lagði fótboltaskóna á hilluna og byrjaði á Stöð 2 árið 2001.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hálf skrítin tilfinning að vera orðinn fimmtugur

Hörður Magnússon íþróttafréttamaður fagnar fimmtugsafmæli í dag. Landsmenn þekkja hann af skjánum og líka þeir sem fylgdust með FH í fótbolta á seinni hluta síðustu aldar.

„Það verður afmælisboð í kvöld með nánustu fjölskyldu. Ekkert stórt. Það er hálf skrítin tilfinning að vera orðinn fimmtugur en maður verður bara að vera þakklátur fyrir að geta haldið upp á það," segir afmælisbarn dagsins, Hörður Magnússon íþróttafréttamaður.

Hann er Hafnfirðingur í húð og hár. Kveðst hafa prófað að búa í Reykjavík hátt í tíu ár en flutt aftur suður í Fjörð fyrir sex árum. „Ræturnar eru í Hafnarfirði og þær toguðu óneitanlega, enda er voða erfitt að sjá mig einhvers staðar annars staðar en í Firðinum," segir hann og hlær við.

Kannski er það nærveran við FH sem heillar. „Ég byrjaði að spila með FH sex ára og fylgdi því liði upp í meistaraflokk en var þó eitt ár í Val því mér fannst allt í lagi að prófa eitthvað annað. Lagði svo skóna á hilluna 2001 þegar ég var þrjátíu og fimm ára. Þá var ég byrjaður að vinna á Stöð 2, datt inn í það og fannst ágætt að ljúka einum ferli og hefja annan. Það fer ekki vel saman við fótbolta að vinna vaktavinnu og svo er líka betra að vera ekki fastur í einhverju liði þegar maður vinnur í íþróttafréttum, þáttastjórn og lýsingum."

Ekki kveðst Hörður vita til að hnattreisa sé í kortunum í tilefni tímamótanna, þó auðvitað væri gaman að prófa það. „Sonur minn sem er tvítugur er hins vegar í hálfs árs heimsreisu með tveimur vinum sínum og var í Peking í gær. Hans verður sárt saknað hér í dag, en þetta er frábært hjá honum. Maður hefði verið alveg til í eitthvað svona þegar maður var tvítugur. Krakkar eru miklu framtakssamari í dag. Ég hef ferðast töluvert og á vonandi eftir að gera meira af því."

Þegar spurt er um áhugamálin er það góð tónlist sem fyrst kemur upp í huga hjá Herði. „Ég hlusta mikið á tónlist og fer á tónleika þegar ég get komið því við. Hlusta á Sigurrós, David Bowie og er mikill aðdáandi Genesis, bands sem ég kynntist sem unglingur og fór á tónleika með árið 2007, þegar það spilaði á Old Traffold í Manchester. Það var mikil upplifun og hápunkturinn á mínum tónleikaferðum."

Ertu Manchester-maður? „Þarna er best að ég segi pass en allir íþróttafréttamenn halda náttúrlega með einhverju liði þó þeir séu ekki að flíka því. Það er okkar að gefa öllum jafna möguleika í miðlunum. Í því liggur kúnstin."

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. FEBRÚAR 1968

Þalídómíð-börnin fengu bætur

Sættir náðust fyrir Hæstarétti í Bretlandi þennan dag árið 1968 um að 62 börn skyldu fá bætur frá lyfjafyrirtækinu sem framleiddi og markaðssetti lyfið þalídómíð þar í landi og gerði það að verkum að þau urðu vansköpuð.

Um átta þúsund konur um allan heim, sem höfðu tekið þalídómíð til að draga úr morgunógleði og róa taugarnar, eignuðust vansköpuð börn. Lyfið var fáanlegt í Bretlandi frá árinu 1958 þar til síðla árs 1961 þegar rannsóknir leiddu í ljós að það olli fósturskaða.

Distillers Company (Biochemicals) Ltd. féllst svo í september 1968 á að greiða hverju barni 40 prósent af upphæðinni sem krafist var í bætur fyrir dómi, en krafðist þess á móti að allar ásakanir á hendur fyrirtækinu um vanrækslu yrðu dregnar til baka.

Opinber rannsókn á málinu sem ítrekað var kallað eftir fór aldrei fram. Almenningur leit á þessum tíma á börnin sem fórnarlömb hörmulegs slyss og bjóst við að þau ættu fyrir höndum stutt og erfitt líf. Flest hafa þau hins vegar tekist á við fötlun sína og afsannað slíkar hrakspár.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
19. FEBRÚAR 2016 FÖSTUDAGUR

Lífstíll

ÆVINTÝRI LÍKAST

Hin áttræða Ásdís Karlsdóttir sat fyrir í auglýsingatökum í vikunni en það vakti athygli að hún gaf kost á sér í starfið enda fyrirsætur yfirleitt yngri en hún. Þó að umsóknin hafi verið send inn í gríni segir Ásdís ákveðna alvöru hafa fylgt henni því meiri fjölbreytni vanti í tískuheiminn.

FRAMHALD Á SÍÐU 2

Girnilegir réttir
Eva Laufey Kjaran töfraði fram girnilega rétti sem henta vel í bröns í þættinum Matargleði Evu í gær. Hún birtir upp-skriftirnar í blaðinu. **síða 4**

Konudagur
Katrín Jakobsdóttir segist ekki alltaf fá gjafir á Konudaginn. En það sé alltaf gaman að fá blóm. Hún segist njóta samvistanna með fjölskyldunni betur en gjafa. **síða 6**

MYND/AUÐUNN

Ásdísi finnst gott að verja tíma með fjölskyldunni en hún á sex börn og barnabörnin eru hátt í tuttugu.

Fjölskyldan saman komin í tilefni áttræðisafmælis eiginmanns Ásdísar, Einars Erlends Helgasonar, en hann lést fyrir rúmum tveimur árum.

Tónlistarmaðurinn Kött Grá Pjé er barnabarn Ásdísar. Henni finnst gaman á tónleikum hjá honum.



» Ásdís Karlsdóttir segir það ekki hafa verið gamlan draum um fyrirsætustörf sem varð til þess að hún gaf kost á sér þegar 66°N auglýsti eftir módelum á Facebook. „Nei, guð almáttugur, það var það ekki. Sagan á bak við þetta er þannig að ég var að leika mér í tölvunni og tók próf á Facebook sem átti að segja mér hvað hentaði mér að starfa við og svarið var módel, sem mér fannst fyndið. Svo sá ég að að það voru ótal störf í boði hjá 66°N, ég lækaði færsluna þeirra, setti inn myndir af mér og spurði hvort þeir vildu fá eina 80 ára. Viðbrögðin urðu þvílík," segir Ásdís kát.

FÆDD FYRIRSÆTA

Fyrirtækið setti sig strax í samband við Ásdísi og fór hún í auglýsingatökur í fyrradag sem hún segir að hafa verið ævintýri líkast. „Við gengum um í Hlíðarfjalli þar sem ég var mynduð í alls kyns fínerís úlpum sem ég vildi óska að ég ætti allar saman. Fyrirsætan ég þurfti aðallega bara að standa bein og horfa í vélina, hann sagði að ég hefði þetta allt á hreinu. Þetta var miklu meira ævintýri en ég ætlaði mér nokkurn tíma að fara út í en ég hef gaman af svona uppákomum. Ég átti alls ekki von á að þeir hefðu samband við mig en ég sprella stundum og framkvæmi án þess að hugsa," segir Ásdís og hlær.

ÖLLU GAMNI FYLGIR ALVARA

Þó þetta hafi allt verið í gamni gert í upphafi hjá Ásdísi segir hún þó að einhver alvara hafi verið á bak við það. „Mér finnst ekki sýnt nógu mikið af fötum fyrir allar tegundir fólks, bæði karla og konur. Það er erfitt fyrir fullorðna konu að kaupa sér föt þegar hún sér aldrei neina álíka henni í þeim. Fólk er misjafnt í laginu og fyrirtæki sem framleiða föt þurfa að sýna fólk í öllum stærðum og gerðum í fötunum. Þó þetta hafi verið sprottið af gríni þá notaði ég tækifærið þegar ég sá viðbrögðin og sagði það sem mér fannst," útskýrir Ásdís.

Skilaboðin komust til skila að þessu sinni en hún telur þó að það verði ekki til langframa. „Ég hef nú ekki það mikið sjálfsálit," segir hún létt í bragði.

ALLTAF VERIÐ FATASJÚK

Gústav Geir er glaður og þakklátur fyrir verðlaunin og hann segir að vissulega breyti þetta miklu fyrir starfsemi Verksmiðjunnar sem hefur verið starfrækt frá sumrinu 2008. „Ég vona að þetta festi Verksmiðjuna betur í sessi og veki athygli á starfinu. Þetta ætti að hjálpa til við ákveðna hluti þar sem maður þarf pínu að sannfæra fólk um að halda þessu áfram og nú ættum við að hafa aðeins fastara land undir fótum."

Gústav Geir Bollason tók við Eyrarrósinni á Rifi á Snæfellsnesi í gær.

VIÐ HÖFUM LÍKA VERIÐ Í SAMSTARFI VIÐ LISTAHÁSKÓLA Í EVRÓPU, Í PARÍS OG VÍÐAR, AUK TENGSLA VIÐ LHÍ.

Verksmiðjan á Hjalteyri er listamiðstöð með sýningarsali og gestavinnustofur í gamalli síldarverksmiðju Kveldúlfs við Eyjafjörð og Gústav Geir segir að það hafi verið um fjórtán manns sem töldust stofnendur á sínum tíma en af þeim hafi aðallega verið um fimm manns sem komu þessu af stað. „Það byrjaði með því að ég kallaði til fólk og mest voru þetta listamenn að norðan. Það voru Aðalheiður Eysteinsdóttir, Hlynur Hallsson, Þórarinn Blöndal, Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Arna Valsdóttir.

Gústav Geir er starfandi myndlistarmaður en hann segir að óneitanlega fari talsverður tími í að sinna Verksmiðjunni. „Það er talsverður undirbúningur á veturna og svo er töluverð vinna á sumrin við að skipuleggja og aðstoða það fólk sem er að vinna og sýna hjá okkur hverju sinni. Listamennirnir sem koma til okkar koma víða að en yfirleitt er ein eða fleiri sýninga ársins á vegum listamanna að norðan og talsvert frá Reykjavík en svo er alltaf talsvert um að við séum með listamenn frá Evrópu og í sumar koma listamenn frá Kanada. Meirihluti þeirra sem vinna hjá okkur er ungt fólk og svo taldi ég saman kynjahlutföllin og konur eru í meirihluta þeirra sem hafa sýnt hjá okkur í gegnum tíðina. Konur virðast hafa meiri áhuga á því að sýna í svona rými sem maður hefði haldið að væri frekar karllægt en það er gaman að sjá að þær sæki til okkar.

Við höfum líka verið í samstarfi við listaháskóla í Evrópu, í París og víðar, auk tengsla við LHÍ og þar hefur verið í gangi útgáfa sem margir hafa séð en við finnum líka að þeir sem eru að fylgjast með listasenunni þekkja vel til Verksmiðjunnar."

magnus@frettabladid.is



Á sýningu Katrínar, Margföld hamingja, eru miklar andstæður, að hennar sögn.
MYND/STEFÁN

Myndaði kyrralíf í stórborgum Kína og sýnir í Gerðarsafni

Katrín Elvarsdóttir verður með leiðsögn um myndröð sína Margföld hamingja í Gerðarsafni í Kópavogi á sunnudaginn klukkan 15. Í henni fangar hún kyrralíf í stórborgum því myndirnar eru allar teknar í Peking og Pin Yao í Kína. „Ég valdi hluti í umhverfinu, múrsteina með böndum, punt í glugga og plöntur milli hellna, allt þröng sjónarhorn þannig að ekkert bendir á stórborg. En á sýningunni er líka hljóðverk. Ég tók upp hljóð úti á götu sem skapa miklar andstæður við myndirnar því hljóðheimurinn í stórborgum Kína er erfiður eyrunum."

Katrín kveðst fyrst hafa farið til Kína ásamt manni sínum árið 2010 að sækja dóttur sem þau voru að ættleiða. „Þá hafði ég aldrei komið til Asíu áður og það var mikil upplifun," segir hún og heldur áfram: „Svo var manninum mínum boðið að kenna við háskólann í Peking 2013 og við fórum öll. Árið eftir var mér boðið á stærstu ljósmyndahátíð Kína í Pin Yao og þá var ég ein. Í þeirri ferð fór ég líka til Peking til að ljúka verkefninu því auk sýningarinnar var ég að taka myndir í bók sem Crymogea gaf út og þar eru fleiri myndir." – gun

ÉG VALDI HLUTI Í UMHVERFINU, MÚRSTEINA MEÐ BÖNDUM,PUNT Í GLUGGAOG PLÖNTURMILLIHELLNA, ALLT ÞRÖNG SJÓNARHORN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KONUDAGUR Á SUNNUDAG

1.479 kr. 500 g

Bláber, fersk, 500 g

1.298 kr. kg

Konudagskaka
1 kg

DEKRAÐU VIÐ KONUNA

698 kr. 400 g

Calinda Jarðarber,
Spánn, fersk, 400 g

GOTT VERÐ Í BÓNUS

598 kr. 2X175 g

Nautaveisla Hamborgarar
Spánn, 2x175 g

498 kr. 2X140 g

Nautaveisla Hamborgarar
Spánn, 2x140 g

198 kr. 128 g

M&M Mega
128 g

HAMBORGARAVEISLA

139 kr. 4 stk.

Bónus Hamborgarabrauð
Með eða án sesam, 4 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

100% Íslenskt ungnautahakk

200kr verðlækkun pr. kg

1.698 kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg

2.998 kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik
Ungnautasteik, fersk

3.998 kr. kg

Íslandsnaut
Ungnauta Fillet
ferskt

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **21. febrúar** eða meðan birgðir endast

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

Tónlist

Hvað? Oration MMXVI
Hvenær? 19.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Oration og Studio Emissary blása til kolsvartrar tveggja daga alþjóðlegrar tónlistarhátíðar, þar sem boðið verður upp á ferskt efni í flokki svartmálms (Black Metal). Íslenskar sveitir á borð við Svarta dauða, Sinmara, Misþyrmingu og Abominor spila á hátíðinni, auk fjölda erlendra banda. Þá munu böndin Wormlust og Almyrkvi líka stíga á svið. Miðasala á tix.is

Hvað? Ljótu hálfvitarnir
Hvenær? 22.00
Hvar? Græni hatturinn
Ljótu hálfvitarnir taka sér sennkallaða bólfestuá Grænu hattinum um helgina, en um helgina munu þeir halda þar tvenna tónleika. Þeir fyrri fara fram í kvöld og þeir seinni annað kvöld. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

Hvað? Tónleikari Mengi
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2
Í kvöld bjóða þrír af bestu spunamönnum landsins, þeir Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson kontrabassaleikari og Matthias M. D. Hemstock slagverksleikari, til óvissuferðar. Allir velkomnir.

Hvað? Klassík í hádeginu, Schubert, ljóð og ljóðastund
Hvenær? 12.15
Hvar? Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Flytjendur Klassíkur í hádeginu eru Finnur Bjarnason tenór og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari, auk þeirra Valgerður Þóroddsdóttur ljóðskálds og Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur skálds. Listræn stjórnun er í höndum Nínu Margrétar Grímsdóttur. Aðgangur er ókeypis og allir boðnir innilega velkomnir.

Listir

Hvað? Kynningarhóf „The Chessboard of My Life"
Hvenær? 17.00
Hvar? Tveir hrafnar listhús
Í tilefni nýútkominnar bókar um Óla G og málaferlinn verður haldið kynningarhóf og samtímis verða sýnd valin verk listamannsins. Allir velkomnir.

Hvað? Föstudagsleiðsögn á ensku
Hvenær? 14.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
Í dag verður boðið upp á leiðsögn á ensku um sýninguna Jóhannes S. Kjarval: Hugur og heimur. Boðið er upp á leiðsögn á ensku alla föstudaga á meðan á sýningu stendur. Aðgangseyrir 1.500 krónur, ókeypis fyrir menningarkortshafa.

Hvað? Opnun sýningarinnar Björn Bragi og félagar í Miðlandi koma til með að kíkja í heimsókn í tilefni af hátíðarsýningu Þjóðleikhússins í kvöld, í tilefni af hátíðum.

Ljótu hálfvitarnir reiða sig á komu sérvalsfyrir á Akureyri í kvöld, en þeir verða einmitt með tvenna tónleika á meðan á dvölinni stendur.

BIL / GAP
Hvenær? 17.00
Hvar? Salur Myndlistarfélagsins, Listagilinu á Akureyri
Í dag opna listamennirnir Gunnar Jónsson, Gústav Geir Bollason og Kleangur Gunnersson sýninguna BIL / GAP. Sýningin stendur yfir til 6. mars og verður opin um helgar frá klukkan 14.00 til 17.00. Allir velkomnir.

Fyrirlestrar og erindi

Hvað? Núvitund og dáleiðsla
Hvenær? 20.00
Hvar? Lifspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Vilhjálmur Hjálmarsson sálfræðingur ræðir um tvær aðferðir, núvitund og dáleiðslu, til að hafa áhrif á hugarástand og skoðar frá ýmsum hliðum hvað er sameiginlegt með þeim og hvað er ólíkt. Efnið er skoðað sérstaklega út frá bók bandarísku sálfræðingsins Michael Yapko sem ber heitið Mindfulness and Hypnosis. Allir velkomnir.

Hvað? Hugarflug
Hvenær? 09.00
Hvar? Listaháskólinn, Laugarnesi
Hugarflug er árlegur ráðstefna Listaháskólans sem haldin er nú í fimmta sinn. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir faglega og gagnrýna umræðu um þekkingarsköpun meðal hérlendis listrænsókn ir og þann fjölbreytileika sem einkennir nálgun, aðferðir, efnistök og miðlun á sviðinu. Fara í dag fram 18 málstofur, gjörningar, vinnustofur og samræðum er umræður með þátttöku yfir 70 listamenna, hönnuða, kennara, fræðimanna og annars fagfólks á sviði menningar, lista og menntunar.

Hvað? Eigi allir aðvera með? Alþjóðavæðing öryggismála á Norðurlöndunum
Hvenær? 12.00
Hvar? Stofa 201 í Odda, Háskóla Íslands
Í dag fer fram opinn fundur á vegum Rannsóknarsetursum norðurslóðir viðHáskóla Íslands í samstarfi viðnorska sendiráðið. Marc Lanteigne, fræðimaður viðAlþjóðamálastofnun Noregs, heldur erindi og Kristinn Schram, lektor í þjóðfræði, sér um fundarstjórn. Fundurinn er á ensku og allir eru hjartanlega velkomnir.

Upplestrar

Hvað? Pétur Jóhann, Óhefloður
Hvenær? 22.00
Hvar? Tjarnarbíó
Pétur Jóhann Sigfússon hefur fyrir löngu stimplað sig inn sem einn fyndnasti maður landsins. Hann heldur uppteknum hætti í kvöld í uppistandi sínu sem fengið hefur finustu viðtökur. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

Hvað? Miðlsland
Hvenær? 20.00 og 22.30
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn
Miðlsland-flokkurinn hefur slegið igegn meðgóðugrini undanfarin ár. Nú er komið nýtt efni frá hópnum sem gestir geta notið í Þjóðleikhúskjallaranum. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

Listmunauppboð í Galleri Fold

mánudaginn 22. febrúar
uppboðið hefst kl. 18

Jón Sigurðsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Forsýning í Galleri Fold
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17,
sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Allt fyrir bílinn
í fimm verslunum

Akureyri
Baldursnes 4 | **verslun**
603 Akureyri
Sími **520 8002**

Hafnarfjörður
Bæjarhraun 6 | **verslun**
220 Hafnarfjörður
Sími **520 8003**

Kópavogur
Smiðjuvegur 68 | **verslun**
200 Kópavogur
Sími **520 8004**

Reykjavík
Bíldshöfði 10 | **verslun**
110 Reykjavík
Sími **520 8001**

Selfoss
Hrísmýri 2A | **verslun**
800 Selfoss
Sími **520 8006**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

DAGSKRÁ

Föstudagur

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUÞÁTTUR!

19:25
BOMBAN
Logi Bergmann stjórnar frábærum og stórskemmtilegum spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur skemmtilegum liðum. Í þessum þætti keppa þau Inga Lind og Svavar Örn á móti þeim Óskari Jónassyni og Svandísi Dóru.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

TVÖFALDUR ÞÁTTUR!

20:15
AMERICAN IDOL
Stórskemmtilegir og sívinsælir þættir þar sem allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hana skipa Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest.

22:25
THE EXPENDABLES 3
Hörkutólin eru mætt aftur í þessari frábæru spennumynd. Með hlutverk fara Sylvester Stallone, Jason Statham, Harrison Ford, Arnold Schwarzenegger og Mel Gibson.

22:00
COLD IN JULY
Richard Dane og kona hans vakna við óboðinn gest á heimili sínu um miðja nótt. Richard grípur til örþrifaráða til að vernda fjölskyldu sína.

21:50
FIRST DATES
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með stefnumótum nokkurra einstaklinga í hverjum þætti.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.01 Tommi og Jenni
07.20 Kalli kanína og félagar
07.40 Batman. The Brave and the bold
08.05 The Middle
08.25 Grand Designs
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Hart of Dixie
10.55 Planet's Got Talent
11.20 The Big Bang Theory
11.40 Margra barna mæður
12.05 Eldhúsið hans Eyþórs
12.35 Nágrannar
13.00 The Mask of Zorro
15.15 Prelude to a Kiss
16.55 Batman. The Brave and the bold
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 **Ísland today** Jón Gnarr fer á sinn einstaka hátt yfir málefni vikunnar. Hann fær til sín góða gesti sem hafa mikið til málanna að leggja.
19.25 Bomban
20.20 American Idol
21.05 American Idol
22.35 The Expendables 3
00.40 Over/Under
02.10 Insidious: Chapter 2 Spennutryllir frá 2013 sem fær hárin til að rísa. Lambert-fjölskyldan reynir komast að því hvers vegna illir andar ásækja hana. Aðalhlutverkin leika Patrick Wilson, Rose Byrne, Barbara Hershey og Ty Simpkins.
03.55 Submarine
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

10.00 Fiorentina - Tottenham
11.40 Shakhtar Donetsk - Schalke
13.20 Midtjylland - Man. Utd.
15.00 Augsburg - Liverpool
16.40 Gæðingafimi
18.00 La Liga Report
18.30 FA Cup - Preview Show 2016
19.00 KR - Keflavík Bein útsending
21.10 Evrópudeildarmörkin 2015/2016
22.00 Körfuboltakvöld
23.40 Bundesliga Weekly
00.10 NBA Special. Reggie Miller
01.00 Oklahoma City Thunder - Indiana Pacers Bein útsending

SPORT 2

11.30 Swansea - Southampton
13.10 Messan
14.25 Arsenal - Leicester
16.10 Premier League World 2015/2016
16.40 Everton - WBA
18.25 Crystal Palace - Watford
20.10 Football League Show 2015/16
20.40 Chelsea - Newcastle
22.20 Aston Villa - Liverpool
00.00 Man. City - Tottenham

GOLFSTÖÐIN

09.15 Inside the PGA Tour 2016
09.40 Northern Trust Open
12.40 Golfing World 2016
13.30 PGA Tour 2016 - Highlights
14.25 Inside the PGA Tour 2016
14.50 Northern Trust Open
17.50 2015 PGA Tour Review of the Year
18.40 Solheim Cup 2015
21.10 Golfing World 2016
22.00 Northern Trust Open

STÖÐ 3

17.40 Masterchef USA
18.25 Ravenswood
19.10 Guys With Kids
19.30 Comedians
19.55 Suburgatory
20.20 NCIS Los Angeles
21.05 Justified
21.50 First Dates
22.40 Supernatural
23.25 Sons of Anarchy
00.25 Comedians
00.50 Suburgatory
01.10 NCIS Los Angeles
01.55 Justified
02.35 First Dates
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.45 Gulla og grænjaxlarnir
07.55 Tommi og Jenni
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Rasmus Klumpur og félagar
08.55 UKI
09.00 Ævintýri Tinna
09.23 Kalli á þakinu
09.48 Hvellur keppnisbíll
10.00 Brunabílarnir
10.25 Ljóti andarunginn og ég
10.47 Ævintýraferðin
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.45 Gulla og grænjaxlarnir
11.55 Tommi og Jenni
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Rasmus Klumpur og félagar
12.55 UKI
13.00 Ævintýri Tinna
13.23 Kalli á þakinu
13.48 Hvellur keppnisbíll
14.00 Brunabílarnir
14.24 Ljóti andarunginn og ég
14.46 Ævintýraferðin
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.45 Gulla og grænjaxlarnir
15.55 Tommi og Jenni
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Rasmus Klumpur og félagar
16.55 UKI
17.00 Ævintýri Tinna
17.23 Kalli á þakinu
17.48 Hvellur keppnisbíll
18.00 Brunabílarnir
18.24 Ljóti andarunginn og ég
18.46 Ævintýraferðin
19.00 Epic

Svampur Sveins 16.24

GULLSTÖÐIN

19.00 Two and a Half Men
19.25 Friends
19.45 How I Met Your Mother
20.10 Modern Family
20.35 Raising Hope
21.00 It's Always Sunny in Philadelphia
21.25 Believe
22.10 Mind Games
22.55 Mr Selfridge
23.40 The Mentalist
00.25 Raising Hope
00.45 It's Always Sunny in Philadelphia
01.10 Believe
01.50 Mind Games
02.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.30 I Melt With You
13.30 Tammy
15.10 Tenacious D: In The Pick of Destiny
16.45 I Melt With You
18.45 Tammy
20.25 **Tenacious D: In The Pick of Destiny** Frábær og sprenghlægileg mynd frá árinu 2006 með Jack Black í aðalhlutverki.
22.00 Cold in July
23.50 **Curse of Chucky** Spennutryllir frá árinu 2013 sem fjallar um Nica, unga konu sem nýlega hefur misst móður sína á dularfullan hátt. Nica fær sendan undarlegan pakka sem inniheldur óhugnanlega dúkku sem litla frænka hennar tekur ástfóstri við.
01.25 Six Bullets
03.20 Cold in July

RÚV

16.25 Á spretti
16.45 Íslendingar
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Um hvað snýst þetta allt
18.00 Lundaklettur
18.07 Vinabær Danna tígurs
18.20 Sara og önd
18.28 Drekar
18.50 Öldin hennar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
20.00 Gettu betur
21.15 Vikan með Gísla Marteini
22.00 Söngvakeppnin 2016 - Öll lögin í úrslitum
22.30 Welcome to the Punch
00.10 Nick Law: Velkominn til Hamborgar
01.50 Víkingarnir
02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
02.40 Næturvarp
03.30 Næturvarp
04.35 Næturvarp
05.10 Næturvarp
06.00 Næturvarp

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Minute to Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.15 King of Queens
13.40 Dr. Phil
14.20 America's Funniest Home Videos
14.45 The Biggest Loser - Ísland
15.55 Jennifer Falls
16.20 Reign
17.05 Philly
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with Corden
19.50 The Muppets
20.15 When Harry Met Sally
21.55 Blue Bloods
22.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.20 Satisfaction
00.05 Rookie Blue
00.50 State of Affairs
01.35 The Affair
02.20 House of Lies
02.45 The Walking Dead
03.30 Hannibal
04.15 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.55 The Late Late Show with James Corden
05.35 Pepsi MAX tónlist

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Endalaust 365

ENDALAUST

NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

Endalaus og áhyggjulaus Internetáskrift.

GSM

2.990 KR.**

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG NÚ Í FYRSTA SINN ÓTAKMARKAÐ **GAGNAMAGN**

Þú getur hringt, sent sms og vafrað um á netinu áhyggjulaust.

Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**

1817 | **365.is**

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.
**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.
Nánari upplýsingar á 365.is

365

markhönnun ehf

nettó

Tilboðin gilda 18. – 21. feb 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-41%

DANPO
KJÚKLINGALUNDIR - 700 G
997
ÁÐUR 1.689 KR/PK

-40%

ÍSFUGL HVÍTLAUKS
KJÚKLINGAVÆNGIR
479
ÁÐUR 798 KR/KG

-23%

ÍSFUGL FERSK
KALKÚNABRINGA
2.794
ÁÐUR 3.629 KR/KG

-50%

APPELSÍNUR
125
ÁÐUR 249 KR/KG

-26%

EMERGE ORKUDRYKKUR
BERRY - 250 ML
95
ÁÐUR 129 KR/STK

CADBURY SÚKKULAÐI
M. DAIM - 120 G
298
ÁÐUR 329 KR/STK

-20%

DJÖFLATERTA M. KÓKOS
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/STK

-30%

LÁGKOLVETNA BRAUÐ
489
ÁÐUR 698 KR/STK

-20%

NUTELLA
SÚKKULAÐISMJÖR - 350 G
399
ÁÐUR 499 KR/PK

GREAT TASTE
JARÐARBER - 1 KG
399

GREAT TASTE
BLÁBER - 225 G
199
ÁÐUR 299 KR/PK

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Lifaður glysrokkari íklæddur rúllukragabol

LÍFSBARÁTTA LÓUNNAR

gydaloa@frettabladid.is
@gydaloa

Rúllupylsa Ég hef alltaf verið gefin fyrir rúllukragaboli enda móðir mín troðið þeim yfir höfuðið á mér frá blautu barnsbeini. Rúllukragatrendið hitti því beint í mark hjá mér og ég hef haft mig alla við að fleygja debetkortinu mínu í starfsmenn helstu fatabúða landsins þegar ég sé glitta í sniðið og öskrað á þá pinnið eftir að ég þurfti að leggja það á minnið. Nú var ég að taka til í skúffunum hjá mér um daginn. Það kom þó ekki til af góðu heldur vegna þess að fatasláin í herberginu mínu ákvað að segja starfi sínu lausu um miðja nótt og undirstrika starfslok sín með því að falla saman með háværum skelli. Ég er svartsýn að eðlisfari og hélt að sjálfsögðu að komið væri að heimsendi sem hæfist og endaði í herberginu mínu og vaknaði af þeim sökum öskrandi. Allavega, ég þurfti því aðeins að fara yfir skipulagið á fatasafni mínu. Kom upp úr kafinu að ég virðist nú eiga talsvert safn af rúllukragabolum og peysum. Sem er auðvitað hið besta mál, ég er náttúrulega manískur safnari í eðli mínu, líkt og áðurnefnt kryddsafn mitt ber vitni um og það dugar ekkert minna fyrir mig en að eiga tólf rúllukragaboli í ýmsum útfærslum og fimm rúllukragapeysur. Það sem er auðvitað snarjákvætt við þessar flíkur er að manni verður aldrei kalt á hálsinum sem er gott. Það eina slæma er að það getur verið ákveðnum vandkvæðum bundið að klæða sig í þær þegar maður er búin að kítta upp í allar misfellur á andlitinu og græja á sér hárið. Það fer allt í fokk.

•••

Glysrokkarinn Talandi um hár, ég er með þannig á hausnum. Ég hef ekkert sérstaklega gaman af því að eyða miklum tíma í það enda virðist það vera einhvers konar lögmál að því meiri tíma sem ég eyði í það, þeim mun ömurlegra verður það. Af þeirri reynslu sem ég hef sankað að mér frá fæðingu hefur það reynst mér best að sleppa því alfarið að greiða mér. Ef ég fer í þær aðgerðir enda ég með því að líta út eins og uppgefinn og lifaður glysrokkari og það er bara ekki mitt lúkk.

•••

Helgin Það er svo mikið að gerast um helgina að ég er að detta í smá stresskast. Það er ómennskt að ætla að upplifa svona mikla skemmtun á rúmum tveimur sólarhringum. Það er náttúrulega Sónar þar sem eru nokkrir hlutir sem ég er mjög spennt fyrir að sjá þar í kvöld og á morgun. Svo er vinkona mín og sambýliskona að fara að halda upp á afmælið sitt í kvöld. Hún er bolludagsfíkill en var vant við látin á sínum smáhátíðardegi og slær

því í afmælisveislu með sérlegu bolluþema í öllum veitingum, sem dæmi má nefna vatnsdeigsbollur, kjötbollur og áfenga bollu og svo er mælst til þess að sem flestir afmælisgestir fari heim að bolla þegar líður á kvöldið. Á morgun er það svo söngvakeppnin og veltur geðheilsa mín og þjóðarinnar á því að við sendum réttan fulltrúa út. Verst er bara að enginn er sammála um hver það er. Ég hélt með Helga Val enda talsvert óvær að eðlisfari en núna er ég Ormslev-kona og vil ólm sjá hana á sviðinu í Svíþjóð. Ég mun samt væntanlega ekki geta horft mikið á keppnina sjálfa þar sem ég er að fara á árshátíð annað kvöld. Ég er auðvitað ekki búin að ákveða í hverju ég ætla að vera en finnst mjög líklegt að ég verði í einhverju með rúllukraga og með ógreitt hár þó mig langi auðvitað mest til þess að vera í glimmersamfestingnum sem Páll Óskar skartaði á fyrra undankvöldinu þar sem þemað er glamúr og glimmer.

Hættur á taugum og kominn í tónlist

Floating Points er einn þeirra tónlistarmanna sem koma fram á tónlistarhátíðinni Sónar Reykjavík sem hófst í Hörpu í gær. Hann er með doktorsgráðu í taugavísindum og gaf út sína fyrstu breiðskífu, Elaenia á síðasta ári.

Það var í kjölfar þess að risastór Studer A80 Master Recorder skaut upp kollinum fyrir framan útidyrnar á heimili Sams Shepherd að hann byggði stúdíóið þar sem hann tók upp sína fyrstu breiðskífu, Elaenia. „Hann var svo stór að hann komst ekki inn um dyrnar. Í London rignir mikið, er vindasamt og grátt, þannig að ég varð að finna stúdíó sem allra fyrst til að koma honum inn. Til allra lukku fann ég húsnæði undir stúdíóið og flutti hann fljótlega þangað inn," segir Sam sem kemur fram undir nafninu Floating Points. Eftir að hafa komið upptökugræjunum fyrir í húsnæðinu tók hann til við að taka upp sína fyrstu plötu sem kom út í nóvember á síðasta ári og hlaut góðar viðtökur og var meðal annars á lista Pitchfork yfir tuttugu bestu plötur síðasta árs.

Sam Sheperd er spenntur fyrir að koma fram á Sónar.

Upphaflega var hugmynd hans að plötunni að hún yrði eitt langt lag en eftir ábendingar skipti hann tónlistinni niður í sjö lög. Nafn plötunnar og samnefnt titillag er rakið til draumfara tónlistarmannsins en Elaenia er fuglategund og dreymdi Sam að fugl af tegundinni festist í skógi eftir að hann hafði lesið bókina Sum: Forty Tales from the Afterlives eftir bandaríska taugasérfræðinginn David Eagleman en bókina fékk hann að gjöf frá aðdáanda eftir tónleika. Sam hafði þó gefið út tvær EP-skífur, nokkrar smáskífur og komið fram á tónleikum áður en breiðskífan leit dagsins ljós.

Sam stefndi þó ekki alla tíð á að gerast tónlistarmaður og hafði menntað sig talsvert áður en hann hellti sér út í tónlistina af fullum þunga þó svo að tónlistaráhuginn hafi lengi verið til staðar. „Ég lærði á píanó frá því ég var sjö ára, var í skólakórnum og byrjaði að semja mína eigin tónlist fyrir kórinn og svo safnaði ég líka plötum en hélt aldrei að ég yrði tónlistarmaður eða plötusnúður," útskýrir hann. „Ég held að þess vegna hafi ég kannski streist á móti svona lengi. Ég fór í háskóla og tók doktorsgráðu bara af því ég var að halda aftur af mér. Ég hélt að ég yrði vísindamaður en ekki tónlistarmaður en það rætist ekki," segir hann hlæjandi.

Sam segist spenntur fyrir komunni til landsins en hann spilar á Sónar í kvöld ásamt fjögurra manna bandi og segir hann að leikið verði efni af plötunni auk nýs efnis. „Helmingurinn verður dót sem fólk þekkir og hinn helmingurinn eitthvað sem enginn þekkir, en kannski mun enginn þekkja eldra dótið heldur," segir hann hlæjandi og hógvær. Honum finnst alltaf ákveðin áskorun fólgin í því að koma fram, hljóðheiminum á plötunni sé stjórnað með ýmsum tækjum og tólum og það geti verið erfitt að endurskapa hann á sviði. „Maður getur ekki haft þá stjórn án þess að koma með fullt af græjum og ég verð að takmarka það sem ég kem með mér og svo er líka bara ákveðinn hluti sem þú getur gert á sviði." Hann segir tónlistina því öðlast sitt eigið líf á sviðinu sem sé einnig hluti af skemmtuninni.

> **ÉG HÉLT AÐ ÉG YRÐI VÍSINDAMAÐUR EN EKKI TÓNLISTARMAÐUR EN ÞAÐ RÆTIST EKKI**

Tónleikarnir með Floating Points hefjast klukkan 22.10 og fara fram í SonarClub í Hörpu en lokadagur tónlistarhátíðarinnar er á laugardaginn. gydaloa@frettabladid.is

Tónlistarkonan Karó sendir frá sér nýtt lag

Tónlistarkonan Karó sendir í dag frá sér nýtt lag sem ber titilinn Wolfbaby en það er samið af henni og Loga Pedro, sem pródúserar lagið einnig. „Þetta er annað lagið sem ég sendi frá mér eftir Silhouette sem kom út í lok ágúst 2015. Þetta lag fjallar í rauninni um að hætta að leyfa einhverjum sem skiptir mann engu máli að hafa áhrif á sig og það dregur nafn sitt af því. Wolfbaby er orð sem ég var kölluð í niðrandi tilgangi en ég ákvað að leyfa því ekki að hafa neikvæð áhrif á mig og mér fannst skemmtilega írónískt að nefna lagið það," segir Karó.

> **ÞETTA LAG FJALLAR Í RAUNINNI UM AÐ HÆTTA AÐ LEYFA EINHVERJUM SEM SKIPTIR MANN ENGU MÁLI AÐ HAFA ÁHRIF Á SIG OG ÞAÐ DREGUR NAFN SITT AF ÞVÍ.**

Lagið Silhouette hefur vakið mikla athygli og er komið með yfir sjötíu þúsund spilanir á Spotify.

Karó, sem heitir fullu nafni Karólína Jóhannsdóttir, kom fram á sjónarsviðið á síðasta ári þegar hún sigraði í Söngvakeppni framhaldsskólanna.

Hún kemur fram á Sónar annað kvöld. „Sónar leggst ótrúlega vel í mig. Ég hef hvorki spilað né farið á hátíðina áður þannig að þetta verður mögnuð reynsla. Ég er að spila í Norðurljósum klukkan 20.00 annað kvöld sem er frábær staður og stund og Logi, Arnar Ingi og Þorbjörg Roach spila með mér og verða mér til halds og trausts. Síðan verður líka svona „visual" sýning sem Hlynur Snær skapaði. Ég held að þetta verði frekar brjálað, þó ég segi sjálf frá," útskýrir Karó.

Hún ætlar jafnframt að frumflytja fjögur ný lög á Sónar. – glp

Karó sigraði meðal annars í Söngvakeppni framhaldsskólanna í fyrra.
MYND/HLYNUR SNÆR ANDRASON

WORLD TOUR 2016

ELDBORG
10. ÁGÚST
KL. 20

SNARKY PUPPY

MIÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN 24 FEBRÚAR Á HARPA.IS – TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

Hér má sjá stemninguna í röðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tjaldi í tvær nætur fyrir Yeezy

Í dag klukkan ellefu hófst sala á skóm, hönnuðum af rapparanum og fatahönnuðinum Kanye West, í versluninni Húrra á Hverfisgötu. Komu skórnir í takmörkuðu upplagi um allan heim og talsverð spenna var fyrir þeim en rúmlega tuttugu manns höfðu komið sér vel fyrir fyrir utan verslunina þegar blaðið fór í prentun. Höfðu nokkrir knáir drengir slegið upp tjaldbúðum og höfðu dvalið fyrir utan Húrra í rúma tvo sólahringa til þess að næla sér í par.



Yeezy Boost 350

Skórnir bera nafnið Yeezy Boost 350 – „Pirate Black“ og kosta 34.900 krónur en rapparinn knái hefur áður gefið út Yeezy-skó og eru þeir falir á vefsíðunni eBay fyrir rúmar 200 þúsund íslenskar krónur. Sindri Snær Jensson, annar eigandi herrafataverslunarinnar, segir aðstandendur verslunarinnar ekki svo mjög hissa á viðtökunum.

„Við bjuggumst alveg við þessu en kannski ekki svona snemma. Við áttum von á að fólk myndi koma eftir lokun í gær,“ segir hann en verslunin fékk rúm tuttugu pör í sölu. Þegar Sindri er spurður að því hvort aðstandendur verslunarinnar hafi ekki ætlað að næla sér í par af skónum er hann fljótur til svars: „Við tökum ekkert par fyrir okkur sjálfa, þau fara öll í sölu.“ – **gló**



Halldór Gunnar, Sverrir Bergmann og Friðrik Dór eru um þessar mundir að vinna að nýju Þjóðhátíðarlagi og er spennan mikil hjá þessari þrusuþrennu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sverrir Bergmann og Friðrik Dór syngja Þjóðhátíðarlagið í ár

Halldór Gunnar Pálsson mun sjá um að semja Þjóðhátíðarlagið í ár en hann samdi einnig lagið þar sem hjartað slær sem var Þjóðhátíðarlagið árið 2012. Hann segir það mikinn heiður að fá að semja slíkt lag í annað sinn og eru þeir Friðrik og Sverrir báðir spenntir.

Tónlistarmaðurinn, Fjallabróðirinn og kórstjórinn, Halldór Gunnar Pálsson mun sjá um að semja Þjóðhátíðarlagið í ár og þá munu þeir Sverrir Bergmann Magnússon og Friðrik Dór Jónsson sjá um að syngja það.

„Þetta er mjög stórt og spennandi verkefni og maður mun leggja sig allan fram. Það verður gaman að syngja með Sverri, þó svo að hann komist aðeins hærra en ég,“ segir Friðrik Dór léttur í lundu spurður út í verkefnið. „Mér líst geðveikt vel á þetta. Þetta er auðvitað pressa en ég hlakka mikið til,“ bætir Sverrir Bergmann við.

Höfundur lagsins, Halldór Gunnar, samdi einnig lagið þar sem hjartað slær sem var Þjóðhátíðarlagið árið 2012 og Sverrir Bergmann söng svo eftirminnilega en lagið er líklega eitt vinsælasta Þjóðhátíðarlag seinni ára. „Það er dásamlegur heiður að fá að gera þetta,“ segir Halldór Gunnar. „Það er auðvitað engin pressa á manni,“ bætir hann við og hlær dátt. „Ég fékk símtal frá Þjóðhátíðarnefnd fyrir áramót og var spurður hvort ég væri til í þetta. Ég hugsaði málið aðeins og stakk svo upp á þessum tveimur söngvurum,“ segir Halldór Gunnar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Friðrik Dór syngur Þjóðhátíðarlagið og segir Sverrir að það sé heldur betur kominn tími til að hann syngi það. „Okkur Dóra fannst löngu kominn tími á að Frikki syngi Þjóðhátíðarlag. Þó hann sé mjög vinsæll þá finnst mér hann vera einn vanmetnasti tónlistarmaður landsins, hann á svo marga hittara og því löngu kominn tími á hann,“ bætir Sverrir við. Friðrik Dór segist vera fullur tilhlökkunar enda mikill Þjóðhátíðarmaður. „Ég hlakka mikið til. Mér finnst Þjóðhátíð vera mjög skemmtilegt fyrirbæri og finnst mjög gaman að fara. Eyjamenn eru líka höfðingjar heim að sækja,“ segir Friðrik Dór.

Spurður hvort nýja lagið verði eitthvað í líkingu við lagið frá 2012 hefur Halldór Gunnar þetta að segja: „Það væri hættulegt að fara að gera annað svoleiðis lag. Ég ætla bara að einbeita mér að því að búa til gott lag. Ég hef alla vega mikla trú á að Frikki og Sverrir verði flottir saman,“ segir Halldór Gunnar.

> **ÞAÐ VÆRI HÆTTULEGT AÐ FARA AÐ GERA ANNAÐ SVOLEIÐIS LAG. ÉG ÆTLA BARA AÐ EINBEITA MÉR AÐ ÞVÍ AÐ BÚA TIL GOTT LAG. ÉG HEF ALLA VEGA MIKLA TRÚ Á AÐ FRIKKI OG SVERRIR VERÐI FLOTTIR SAMAN.**

Hann sér þó ekki alfarið um lagasmíðina því hljómsveitin Albatross, sem er ný hljómsveit þeirra Halldórs Gunnars og Sverris Bergmann, mun gefa það út og sjá um að frumflytja það á Þjóðhátíð 2016.

Albatross, sem stofnuð var í kringum síðustu áramót, er einmitt þessa dagana í hljóðveri að taka upp tónlist. „Við gerum ráð fyrir að gefa eitthvað út áður en við gefum út Þjóðhátíðarlagið,“ segir Sverrir.

Halldór Gunnar og félagar eru um þessar mundir að koma sér í Þjóðhátíðarfílinginn en hann vill meina að það sé mikilvægt að komast í rétta fílinginn. „Lagið þarf að vera tilbúið í júní. Þannig að við erum með höfuðið í bleyti. Ég er þessa dagana að horfa á Þjóðhátíðarmyndböndin á netinu og reyni að horfa fram hjá snjónum, svo maður komist í gírinn,“ segir Halldór Gunnar og bætir við: „Ég samdi lagið þar sem hjartað slær í desembermánuði. Ég var lokaður inni í gluggalausu herbergi með Þjóðhátíðarmyndböndin í gangi. Ég man hvað ég var skíthræddur þegar það lag kom út en ég er fullur tilhlökkunar að gera þetta aftur.“

Forsala á Þjóðhátíð hefst fimmtudaginn 25. febrúar á dalurinn.is. **gunnarleo@frettabladid.is**

KERFIS- OG NETSTJÓRNUN

MIKIL STARFSTÆKIFÆRI

ÖFLUGT STARFSNÁM Í SAMSTARFI VIÐ MÖRG AF FREMSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

- WINDOWS LINUX
- TÖLVUVIÐGERÐIR
- OFFICE 365 AZURE & AD ÞJÓNUSTA
- NETWORK+
- CISCO - CCNA
- MCSA - KERFIS-STJÓRNUN

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Hildar Sverrisdóttur

78 þúsund dansarar?

Ég hef oft verið stolt af Íslendingum þegar kemur að því að sýna samstöðu. Þegar mikið liggur við stöndum við saman, hvort sem það er þegar hremmingar dynja yfir eða þegar góður málstaður þarfnast stuðnings. Nú hafa nærri 78 þúsund manns skrifað undir áskorun um endurreisn heilbrigðiskerfisins. Sumar staðhæfingar forsprakka söfnunarinnar um tölur og aðferðafræði hafa reyndar réttilega verið gagnrýndar. Ég leyfi mér samt að giska á að flestir af þessum 78 þúsundum hafi í raun ekki verið að kvitta upp á annað en að heilbrigðiskerfið eigi að vera í lagi og sinna þeim sem þurfa á því að halda.

Í dag hefur UN Women forgöngu um að ná saman milljarði manna í 200 löndum til að dansa gegn kynbundnu ofbeldi. Í ár er sjónum beint að hlutskipti þeirra milljóna kvenna sem eru á flótta. Hér á Íslandi verður dansað á sjö stöðum í öllum landshlutum. Það er ekki síður mikilvægt að fólk láti sig þetta réttlætismál varða. Raunar er hægt að slá tvær flugur í einu höggi; ef fólk dansar reglulega fyrir gott málefni er það þvílík lýðheilsuefling að það léttir dálítið á heilbrigðiskerfinu.

Fólk hefur skoðanir á með hvaða hætti sé best að standa að góðu heilbrigðiskerfi. Fólk hefur líka skoðanir á hvernig best sé að nálgast meðferð og umfjöllun ofbeldismála. Í báðum tilfellum eiga þó allir að geta sammælst um einfalda kröfu; heilbrigðiskerfið á að vera í lagi og ofbeldi er ógeð sem má fokka sér.

Rökræða um leiðir að góðu heilbrigðiskerfi er nauðsynleg. Að útrýma kynbundnu ofbeldi er hins vegar einfaldara og krefst fyrst og fremst hugarfarsbreytingar. Við getum einfaldlega staðið (og dansað) saman með þeirri einföldu kröfu að hætta að beita ofbeldi.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015

Allt sem þú þarft ...

STÓLADAGAR

Allir* borðstofu- og eldhússtólar á tilboði
Gildir ekki af Skovby borðstofustólum

1 **SEATTLE** Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með krómlöppum. 5.990 kr. ~~8.990 kr.~~

2 **EIFFEL** Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum. 8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

3 **EIFFEL** Borðstofustóll. Svartur, grár, rauður, turkis og hvítur með krómlöppum. 9.990 kr. ~~13.990 kr.~~

4 **PARIS** Borðstofustóll. Svartur, grár, hvítur, rauður og orange með sterkbyggðum viðarlöppum. 9.990 kr. ~~14.990 kr.~~

OPIÐ Í DAG OG Á MORGUN, LAUGARDAG

LOKAÐ
SUNNUDAGINN 21. FEBRÚAR
VEGNA VÖRUTALNINGAR

TIANA
Borðstofustóll. Svartur.
7.990 kr. ~~13.990 kr.~~

WILMA
Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.
9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

ANDREW
Borðstofustóll. Bundið leður. Svart, hvítt eða brúnt
14.990 kr. ~~19.990 kr.~~

MADISON
Borðstofustóll, eik með gráu eða dökkgráu áklæði.
29.990 kr. ~~44.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN